

Ljósleiðari í Rangárþingi Ytra - hluti I

Úttekt á fornminjum innan áhrifasvæðis í Landsveit, Rangárvalla,-
Holta og Djúparhreppi.



Höfundur: Ragnheiður Gló Gylfadóttir
FS638-16251
Reykjavík
2016



© Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	4
2. FRAMKVÆMD ÚTTEKTARINNAR	6
3. MINJASKRÁ.....	8
Landsveit	8
Rangárvallahreppur.....	13
Holtahreppur.....	26
Djúpárhreppur.....	35
4. NIÐURSTÖÐUR	42
VIÐAUKI I:.....	43
Landsveit:	43
Rangárvallahreppur.....	47
Holtahreppur.....	52
VIÐAUKI II	58

1. Inngangur

Að beiðni Rangárljóss¹, annaðist Fornleifastofnun Íslands ses. úttekt á áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra með tilliti til fornminja. Markmiðið var að skoða áhrif framkvæmdanna á þekkta minjastaði innan sveitarfélagsins og um leið að reyna að takmarka jarðrask á þeim. Úttektin er byggð á stöðlum Minjastofnunar Íslands og finna má í bæklingnum *Veituframkvæmdir og fornleifar*.²

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi úttekt í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum

¹ Hlutafélag í eigu Rangárþings ytra

² Slóðin er: <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Veituframkvaemdir-og-fornleifar-2015.pdf>

í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst. Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati. Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

Úttektin á helgunarsvæði ljósleiðarans fór fram í september - desember 2016. Vinnan byggist niðurstöðum fornleifaskráningar sem fór fram í sveitarfélaginu á árunum 2006 – 2015 en samtals voru skráðir um 4000 minjastaðir á þeim árum. Sambærileg úttekt fór fram í Djúparhreppi árið 2001 og þar voru skráðir 249 minjastaðir. Farið var í eina vettvangsferð á valin svæði í október en að öðru leyti fór vinnan fram í fjarvinnu og á fundum.

2. Framkvæmd úttektarinnar

Við þessa vinnu er ákveðið verklag haft til hliðsjónar og byggir það á tillögum Minjastofnunar Íslands. Með þeim hætti var minjastöðum sem verða fyrir áhrifum ljósleiðarans fækkað umtalsvert og lega hans færð til. Í upphafi var farið yfir öll gögn viðvirkjandi framkvæmdina og sigtaðir út staðir þar sem farið er yfir óraskað land og þar sem heimtaug liggur yfir gömul heimatún og bæjarhóla. Ef ljósleiðari fer yfir óraskað land þarf að ganga 30 m belti þar, ekki er talin þörf er á að ganga/taka út svæðin þar sem ljósleiðari liggur í vegöxlum. Ef ljósleiðari fer í gegnum garðlög þarf fornleifafræðingur að taka skurð í gegnum þau og aldursgreina. Ef engin önnur leið er fær en að fara í gegnum tóftir á bæjarhólum (eða hvar sem er) þarf minjavörður Minjastofnunar Íslands að ákvarða mótvægisáðgerðir.³ Ekki er nauðsynlegt að vinna rannsóknina á sama tíma og ljósleiðarinn verður lagður og hægt að rannsaka nokkra staði saman ef þörf er á. Til þess að takmarka rask á minjastöðum var lega ljósleiðarans færð innan í veghelgi þjóðvega, nærri heimtaugum og símalínunum eða farið þar sem annað jarðrask var sjáalegt á yfirborði. Helgunarsvæði ljósleiðarans er 30 m breitt en stór hluti minjanna sem lentu þar innan voru ekki í hættu. Oft var vegur á milli, skurður, önnur mannvirki eða landfræðilegar hindranir. Þeir staðir eru ekki með í þessari úttekt né þeir staðir sem færðir voru til hagræðis og verða ekki fyrir áhrifum.

Það var ekki farið á alla þessa staði sem hér eru í skýrslunni, þeim hafði flestum þegar verið raskað af ýmsum ástæðum í gegnum tíðina. Þær fornleifar sem verða fyrir raski vegna framkvæmdanna eru í umfjölluninni hér neðar og eru upplýsingarnar um þær teknar úr skýrslum Fornleifastofnunar Íslands um fornleifaskráningu á þessum svæðum. Það er fyrirséð að nánast allar þessar minjar munu verða fyrir raski eða nánasta umhverfi þeirra. Ekki voru könnuð svæði utan áhrifasvæðis ljósleiðarans. Samtals eru 116 minjastaðir sem lenda innan áhrifasvæðisins en ekki var þörf á vettvangsvinnu í þessum hreppum. Það var hægt að ákveða legu ljósleiðarans í tölvu og hvergi var farið yfir óraskað land. Ekki er talin þörf á frekari mótvægisáðgerðum.

Hér neðar er listi með lýsingum á þeim minjastöðum sem verða fyrir raski. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðinir

³Það gæti verið borkjarnasýni, grafa profuskurð eða stærri rannsókn, allt eftir aðstæðum og mati Minjastofnunar Íslands.

minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaðblettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (WGS 84) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru.

3. Minjaskrá

Hér er lýsing á þeim minjum sem lenda innan áhrifasvæðis ljósleiðarans í þessum fjórum hreppum og þarfnast þær ekki frekari skoðunar, það er búið að grípa til allra þeirra aðgerða sem Minjastofnun Íslands gerir kröfur um.

Í viðauka I hér aftar er listi yfir allar minjarnar sem eru innan áhrifasvæðis, óháð því hvort að þær verði fyrir raski.

Landsveit

Skarð:

RA-434:003 Skarð bæjarstæði bústaður 64°00.199N 20°06.575V
Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1898 segir: " ... stóð suðaustanundir miðju Skarðsfjalli á fögnum stað og í góðu skjóli. Þar var kirkja [002], sem kunnugt er. Skarð [001] eyddist 1882, og er bærinn hulinn undir sandfönn. Aftur var reistur bær og kirkja [004] fram við lækinn. Heldur sá bær nafninu Skarð, þó hann sé fjær fjallinu, sem skarðið er í." "Bærinn stóð áður fast upp undir Skarðsfjalli að suðaustanverðu, undir Skarðinu svonefnda sem bærinn ber nafn af. Þar var hið fegursta bæjarstæði en oft snjóþungt. Jón Árnason bóndi og kirkjuhaldari í Skarði flutti bæ og kirkju undan sandfoki og landauðn og byggði bæinn upp vestan við hraunhæðina Arnarbæli syðst í Skarðslandi og kirkju suður frá bæ," segir í Sunnlenskum byggðum. Bærinn í Skarði var fluttur um 1,3 km til suðausturs. Hann var á sléttlendi þar sem nú er malarplan á milli Arnarbælis og núverandi íbúðarhúss. Flatlent tún er sunnan við bæjarstæðið.

"Arnarbæli heitir sá stóri hóll, sem Skarðsbær hefur staðið vestan í síðan 1877 eða 1878, en Skarðskirkja var flutt utan frá Gamla-Skarði 1879. Í 1. hefti Íslenzkra sagnabátta og þjóðsagna Guðna Jónssonar er sögn um álfatrú tengd Arnarbæli, en því var trúað, að huldufólk þar hefði hefnt sín grimmilega á bóndanum Jónsi (f. 12/9 1818 á Reynifelli á Rangárvöllum, d. 4/10 1889 í Skarði) Árnasyni, fólki hans og nokkrum afkomenda hans, fyrri þau friðarspjöll, sem bygging hins nýja bæjar í hólnum olli." Bærinn sneri dyrum til vesturs eins og kirkjan. Viðbygging syðst, gamla húsið, sund, fjós, hlaða. Bæjarröndin. Meðfram norðurvegg kirkjugarðs er hleðsla meðfram suðurbrún Arnarbælis á milli garðs og hleðslu. Á milli garðs og hleðslu eru 2 m. Líklega traðir. Hleðslan er um 1,2 m á hæð. Hún er gróin og ekki sést fjöldi umfara í hleðslunni. Hleðslan lækkar til austurs og laust grjót er austast. Fast við þessa hleðslu, í vesturenda hennar er hlaðin tóft, (kjallari)? Þinghúss sem byggt var 1910. Það er hlaðið úr hraungrýti. Er um 6,5x5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurgafli hússins er hlaðinn inn í hólinn Arnarbæli. Op er á suðurvegg og tröppur en líklega er það síðari tíma breyting. Meðfram norður og austurveggjum er 0,3-0,4 m breiður kantur og 0,3 m á hæð. Meðfram innanverðum vesturvegg að hálfu er 1 m breið hleðsla sem er um 0,5 m á hæð. Hlutverk óljóst. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 2 m og sjást mest 9 umför. Hlaðinn veggur liggur til vesturs að núverandi íbúðarhúsi. Hann er um 1 m á hæð og breidd, 5 umför. Hlið á 2 stöðum. Nýlegt. Um 2 m sunnan við garð er hlaðinn kantur. Hann er um 8 m langur og um 1 m á hæð, gróinn. Samskonar kantur er sunnan við núverandi í búðarhús, mögulega leifar af við byggingu við gamla bæinn. Önnur ummerki um bæinn sjást ekki. Þegar gengið var frá bæjarsæðinu eftir niðurrif bæjarins var hlaðið meðfram Arnarbæli, á milli Þinghúsleifa og útihúss. Ath. Hleðslan er um 1,5 m á hæð, 6-7 umför. Tröppur liggja upp á hólinn frá vesturjaðri hleðslunnar. Fast norðan við þinghúsleifar sést örla á byggingaleifum á svæði sem er um 7x7 m að stærð.

Heimildir: SB V, 197; Árb. 1898, 3; Ö-Skarð, Króktún, Skarðssel, Eskiholt og Yrjum, 3-4; Túnakort

RA-434:005 heimild útihús

64°00.199N 20°06.588V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihúsi um 50 m norðvestan við kirkju 004 og 10-15 m vestan við bæ 003.

Flatt malbikað plan er þar sem útihúsið var, á milli núverandi íbúðarhúss og Arnarbælis 026

Ekki sést til minja um útihúsið. Ætla má að það hafi verið rífið á sama tíma og bærinn 003 en það kann að hafa verið sléttað eða rífið fyrr.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-434:006 heimild útihús

64°00.204N 20°06.581V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var rétt eða kálgarður um 60 m norðvestan við kirkju 004, fast norðvestan við bæ 003.

Flatt malbikað plan er nú þar sem mannvirkið var, á milli núverandi íbúðarhúss og Arnarbælis 026

Ekki sést til minja um mannvirkið og hefur það verið rífið eða sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-434:009 hús útihús

64°00.216N 20°06.546V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 70 m norðan við kirkju 004 og um 60 m norðaustan við bæ 003. Þar er nú hlaðið hús undir þaki og er mun stærra en útihúsið sem sýnt er á túnakortinu. Óvíst er hversu gamalt húsið er.

Húsið er á flatlendi norðan undir Arnarbæli. Um 10 m vestan við það er nýlegt hús og um 60 m norðaustan við það er útihús 008.

Húsið er um 8x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er eitt rými. Bárújárnsþil er á norðvesturgafli og dyr eru á því. Veggir eru grjóthlaðnir og strengur er á milli grjótraða. Veggir eru grónir en þó sjást 5 umför hleðslu. Ekki reyndist unnt að komast inn í húsið. Mesta veggjahæð er um 1,4 m en upp í mæni eru 2,5 m. Þakið er tyrft en ekki sést hvernig gerð þess er að öðru leyti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-434:011 þúst útihús

64°00.248N 20°06.460V

Um 35-40 m norðaustan við 008, 80 m vestan við 012, 160 m suðvestan við 013 og 170 m norðaustan við kirkjudyr 004 stóð útihús samkvæmt túnakorti.

Þústin er í suðurhorn sléttaðs heimatúns.

Heimildamaður, Kristinn Guðnason, þekkir ekki til minjanna. Þar sem túnakortið sýnir útihúsið er ávöl þúst, ferköntuð og grasi gróin. Hún er 7x7 m að flatarmáli og snýr í norðnorðvestur-suðsuðaustur. Þústin er 0,2-0,5 m á hæð, flöt að ofan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-434:076 hús útihús

64°00.210N 20°06.564V

Hlaðið hús undir þaki er um 70 m norðan við kirkju 004 og um 40 m norðan við bæ 003.

Húsið er hlaðið inn í hlíðar Arnarbælis 026 og endar hleðsla sem liggur meðfram Arnarbæli frá þinghúsi hjá þessu húsi. Nýleg bygging er um 15 m NNA við húsið.

Húsið er grjóthlaðið og er um 4x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Á NNA-gafli er timburþil og dyr á því. Það er klætt að innan með krossviðarplötum og hefur líklega verið notað sem úthús eða geymsla. Það er annað hvort fremur ungt að upplagi eða hefur verið endurbyggt. Aðeins er eitt rými innan þess. Mesta hæð veggja er um 1,3 m og sjást 6 umför í hleðslum í utanverðum veggjum á NNA-gafli. Torf er á milli umfara. Frá jörðu og upp í mæni eru um 2 m. Torf er á þaki og er þakið klætt að innan með krossvið og tjörupappa en ekki sést hvort timbur eða bárújárn er undir torfinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Fellsmúli:

RA-437:014 heimild kálgarð

63°59.852N 20°07.578V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var gerði um 60 m SSA við bæjarstæði 011. Engar leifar gerðis sjást nú (2012) á þessum slóðum en hann hefur verið austan í lágrí brekku sem tekur við norðan við hlað nýja íbúðarhússins (frá 6. áratug 20. aldar).

Rennislétt, stutt en aflíðandi brekka er á þessum stað.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Hellar:

RA-440:001 *Hellar* bæjarhóll bústaður

64°00.435N 20°09.285V

Bæjarstæðið í Hellum er austarlega á tungu sem gengur til vesturs frá hlíðum Skarðsfjalls. Nýtt íbúðarhús var byggt á bæjarstæðinu árið 2008 og virðist það vera byggt á sama eða svipuðum stað og bærinn stóð 1917 þegar túnakort fyrir jörðina var gert. Á túnakorti er kálgarður sambyggður bæjarhúsunum að NNA-verðu. Áður en nýja húsið var byggt var bárujárnshús á bæjarstæðinu sem byggt var 1926. Búið var í gamla bænum á meðan sá nýi var byggður.

Sléttuð flöt er í kringum nýja íbúðarhúsið.

Ekki sést bæjarhóll á bæjarstæði Hella. Upp af bæjarstæðinu til austurs er um 2 m hár stallur sem ætla má að hafi myndast þegar gömlum byggingarleifum var rutt burt. Norðvestan við bæjarstæðið er gamalt útihús úr steypu en með hlöðnum langveggjum. Nýlega (2013) hefur verið grafið frá því og þar sést einstaka stórgripabein og hleðslugrjót en ekki aska.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Múli:

RA-442:008 garðlag túngarður

64°00.449N 20°09.656V

Túngarður var nálægt Hellnarétt 440:033 segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1917 afmarkaði túngarðurinn norðurhlið heimatúnsins og hluta af suðurhliðinni. Til austurs réði fjallið en Náttthagar 017-019 afmörkuðu vesturhliðina. Norðurhliðin afmarkaði einnig suðurhlið túnsins á Hellum RA-440 enda lágu þau saman. Norðurhliðin sést ennþá en nær lengra til vesturs en á túnakortinu. Greinilegt er að túnið hefur tekið breytingum á 20. öld.

Slétt, grasivaxin tún eru allt umhverfis túngarðinn nema til vesturs. Þar er malarvegur að Hvammi RA-439.

Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er 460x430 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurhliðin nær lengra til vesturs en á túnakortinu og sameinast Náttthaga 019, en svo var ekki þegar túnakortið var gert. Suðurhliðin lá frá náttthaga 017 og að kálgarði 026 en er horfin í slétt tún. Túngarðurinn er 1-1,2 m á hæð, 1,5-2,5 m á breidd og grjóthlaðinn. Vírgirðing er ofan á honum og staurar. Túngarðurinn er algróinn innan túns en að utan glittir í 1-3 umför grjóthleðslu. Norðurhlið hefst neðarlega í brekkum Skarðsfjalls, liggur sunnan undir Látalætishól, vestan við Hellnahól og að malarvegi að Hvammi. Þar sést túngarðurinn eingöngu sem þýfður bakki og er óskýr.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hellur og Múla, 5; Túnakort 1917

Flagbjarnarholt neðra:

RA-446:022 heimild túngarður

64°59.334N 20°15.974V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður og sambyggður kálgarður um 150 m sunnan við bæ 001 og 70 m suðaustan við lambhús 010. Þessar minjar eru nú horfnar.

Malarvegur að núverandi íbúðarhúsi á Flagbjarnarholti neðra liggur á þessum slóðum. Túngarðurinn var á mörkum vegarins og grasivaxins túns. Fyrir sunnan veginn er framræst mýri, á mörkum við holt. Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

RA-446:023 heimild eyktarmark Hádegisvarða 64°59.334N 20°15.974V

"Á löngu horfnum túngarði [sjá 022], sem var neðan við túnið, niður undir mýri, var svonefnd Hádegisvarða beint suður og niður af neðri bænum. En svo langt er nú síðan hún hvarf, að miðaldra fólk man ekki eftir henni," segir í örnefnalýsingu. Hádegisvarða var 150 m sunnan við bæ 001 og 70 m suðaustan við lambhús 010. Ekki er vitað hversu stór varðan var, úr hverju hún var gerð eða hvar hún var nákvæmlega. Hún er skráð undir sérstöku númeri enda með allt annað hlutverk en túngarðurinn.

Slétt, ræktuð tún og malarvegur eru þar sem varðan var. Varðan ásamt túngarði 022 er horfin.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

Hjallanes

RA-451:001 bæjarhóll bústaður 63°57.729N 20°18.976V

Tvíbýli hefur lengi verið á jörðinni en bæirnir voru ekki sambyggðir. Þeir stóðu hins vegar á sama stað til 1929, þá voru þeir báðir fluttir af bæjarhólnum. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var vestari bærinn (Hjallanes I) norðar á bæjarhólnum. Árið 1920 var bærinn fluttur ANA en það hús var rífið. Steinsteypur grunnur þess sést SSV við núverandi íbúðarhúss. Að sögn Guðjóns Sigurðssonar, heimildamanns, heyrði hann talað um að fjós hafi verið á þessum slóðum og líklega verið hluti af torfbænum. Öll ummerki bæjarhólsins eru hins vegar mikið röskuð og illgreinanleg. Bæði eystri og vestri bærinn voru á sama hólnum og stutt var á milli þeirra.

Mikið rask er á bæjarhólnum, bæði vegna húsbygginga og vegagerðar. Ekki sjást nein ummerki um bæinn, útihús né hleðslur þar.

Samkvæmt túnakortinu var bæjarhóll beggja bæjanna um 60x20 m að stærð og snéri norður-suður. Bæirnir voru uppi hólhrygg, ofarlega í brekku sem hallar til vesturs. Þar sem að bærinn stóð er sléttur grasbali með fánastöng í miðjunni. Malarvegir og bílaplan eru allt umhverfis bæjarhólinn. Malarvegur liggur þvert yfir bæjarhólinn og hvergi er hægt að sjá öröskuð mannvistarlög eða annað sem gefur umfang bæjarins til kynna.

Hættumat: hætt

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hjallanes, 2

RA-451:004 heimild útihús/kálgarður 63°57.715N 20°19.019V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús með sambyggðum kálgarði 20-30 m austan við bæ 002. Mannvirkin voru ofarlega í brekku, þeirri sömu og bæjarhóll 001-002 voru í og tilheyrðu vesturbænum (001). Útihúsið var austar og kálgarðurinn vestar. Þarna er nú lítill, steinsteypur kofi.

Landamerki milli Hjallanesbæjanna voru fast norðan við þessi mannvirki. Útihúsið náði fram á brekkubrún en kálgarðurinn var í halla til vesturs. Brekkan er grasivaxin og nýtt til beitar. Rafmagnsstaur er á brekkubrúninni.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætt

Heimildir: Túnakort 1917

RA-451:010 örnefni lambhús 63°57.672N 20°18.987V

"Þar sem það bæjarhús [sem flutt var] stendur nú, hét áður Lambhúshóll," segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóll er næsti hóll ofan (austan) við Borgarhól. Á hólnum eru þrjú hús, tilheyrandi Hjallanesi

II. Lambhúsið er horfið, það var um 90 m sunnan við bæ 001.
Engin ummerki lambússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Hjallanes, 2

RA-451:030 heimild kálgarður

63°57.728N 20°19.010V

Stakstæður kálgarður var 10 m austan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917. Hann var uppi á náttúrulegri brekkubrún, þeirri sömu og bæjarhóll 001-002. Íbúðarhúsið sem byggt var 1920 í Hjallanesi I var fast norðan við kálgarðinn.

Slétt malarplan og húsgrunnur íbúðarhússins frá 1920 eru hér. Jafnframt er 20. aldar útihús skammt norðvestar.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Holtsmúli

RA-452:015 heimild kvíar

63°55.716N 20°18.849V

„Vestur af Náthögum var stöðull, og liggur núverandi heimreið þvert í gegnum hann, um 200 m norðan Austurbæjar,“ segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er um 200 m norðan við bæ 001 og 170 m austan við náthaga 031. Ekki er ljóst hvort að um tóft eða færiskvíar var að ræða.

Íbúðarhúsið í Holtsmúla I er um 70 m suðaustar og malarvegur liggur þarna að því og áfram til suðurs að gamla bæjarstæðinu. Grasivaxin tún eru til beggja átta.

Engin ummerki stöðulsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Holtsmúli, 3

Neðrasel:

RA-456:008 heimild traðir

63°55.402N 20°17.036V

Á túnakorti frá 1917 eru sýndar traðir frá bænum. Þær eru að öllum líkindum á sama stað og núverandi heimreið.

Tún eru beggja vegna við heimreiðina.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-456:013 heimild kálgarður

63°55.408N 20°17.103V

Stakstæður kálgarður var fast sunnan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917. Hann er horfinn.

Sléttuð flöt, sunnan við íbúðarhús og malarplan. Kálgarðurinn var austan við garðinn.

Um 12 m sunnan við íbúðarhúsið er lágur hryggur í garði umhverfis húsið. Þar er sléttuð flöt og kantur sunnan við. Hryggurinn er mjög greinilegur á 13 m löngum kafla, og stefnir A-V.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Efrasel:

RA-457:016 heimild landamerki

63°55.359N 20°16.646V

Í Landmannabók segir: „Túngarður ræður á milli túna Selsbæja úr túngarðsendanum að austan í vörðu við Suðurlandsbraut.“ Varðan var við mót „Suðurlandsvegur“ og afleggjara að Efraseli.

Ekki sést til vörðunnar. Líklegast er að hún verið rifin og notuð í veginn eða lent undir veginum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

Austvaðsholt:

RA-453:021 heimild kálgarður

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001.

Þarna er nú slétt tún og rask vegna bygginga, elsta íbúðarhúsið á Austvaðsholti I.

Kálgarðurinn er horfinn vegna sléttunar og bygginga.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

RA-453:025 heimild Stekkatún

63°54.553 20°17.500

„Stekkatún var á litlu, aflöngu holti, skammt norður af Hádegisholti en austur af Austvaðsholti. Stekkatúnsmýri heitir mýrin á milli Austvaðsholtstjarnar að vestan, Stekkatúns að austan og Hádegisholts að suðaustan,“ segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað voru fjárhús sem fóru undir bílskúr, líklega fornleifar 007-010. Stekkatún er á litlu holti um [...] m frá bæ 001 og deiglent hefur verið þar í kring en búið að ræsa fram og rækta að öðru leyti

Ekki er vitað hvar stekkurinn var. Mögulega á sama stað og einhvert af útihúsum 007-010.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Austvaðsholt, 10

Rangárvallahreppur

Gunnarsholt

RA-303:024 *Langagerði* heimild

63°51.760N 20°11.248V

"Þessi gerði eru fyrir neðan og vestan kálgarðinn [020]: Langagerði liggur austur og vestur neðan við garðinn [020] og upp að brekkunni ...,“ segir í örnefnalýsingu. Langagerði var um 60 m norðan við bæ 004 og tæpa 80 norðvestan við útihús 008. Gerðið var í halla til norðurs, niður Gunnarsholtshól þar sem bær 004 var, í átt að túngarði 039. Ekki er vitað hversu stórt gerðið var eða hvort það var innan gamla heimatúnsins.

Þar sem gerðið var er nú slétt tún með kjarrgróðri á stöku stað.

Engin ummerki Langagerðis sjást á yfirborði.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:027 heimild traðir

63°51.739N 20°11.160V

"Austur af túninu var kallað Mói. Þar var tröðin, notuð áður bæði frá Gunnarsholti og Brekkum [RA-304] [...] Bilið milli túngarðanna [039,] voru Traðirnar. Þær lágu niður túnið,“ segir í örnefnalýsingu. Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags stendur: "Líka mótar fyrir tröðum vestur frá bænum [009], niður eftir hólnum." Á túnakorti frá 1917 eru traðirnar merktar austur heimatúnið og eru þar um 130 m langar. Túnið fer hækkandi til austurs en lækkar aftur þegar komið er niður holtið sem bær 004 stóð á. Líklegt er að traðirnar hafi horfið við túnasléttun. Það er greinilegt að einhverjum tímupunkti hafa þær legið þvert í gengum túnið en heimreiðin að vestanverðu var líklega fallin úr notkun þegar túnakortið var gert.

Þar sem heimreiðin lá er slétt, grasvaxið tún. Túnið er á náttúrulegu holti.

Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3-4; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 11; Túnakort 1917

Brekkur

RA-304:002 heimild útihús

63°51.366N 20°10.344V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 220 m ANA við bæjarstæði 004.

Þar sem húsið stóð er nú (2009) slétt tún komið í órækt innan sumarhúsaloðar. Trjárækt er sunnan og austan við.

Komið er nærri hraunbrún og bíslóði liggur nærri þeim stað sem líklegt er að húsið hafi staðið á.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Helluvað

RA-307:001 *Helluvað* bæjarhóll bústaður

63°50.416N 20°23.180V

Bærinn Helluvað var ofarlega, til suðvesturs á náttúrulegu holti. Þar er nú einbýlishúsið á Helluvaði 1 en samtals eru nú fimm íbúðarhús á holtinu. Einbýlishúsið var byggt árið 1979 og var stórum hluta bæjarhólsins þá rutt út og svæðið umhverfis húsið sléttað og gert að garði. Áður hafði verið byggt hús á þessum stað árið 1945 sem var rífið þegar nýrra húsið var gert. Holtið er um 15 m hátt og snýr austur-vestur.

Bærinn var þar sem nú er grasivaxið og slétt tún, holtinu. Fyrir sunnan og vestan bæinn eru nú grasivaxin tún en malarplan fyrir norðan.

Lítil ummerki bæjarhólsins sjást nú á Helluvaði, honum var rutt út að mestu. Austasti hluti bæjarhúsanna er þó varðveittur, þar sjást tóftir skemmu og hleðsla undir nýrra útihúsi. Bæjarröðin hefur snúið norðvestur-suðaustur og á túnakorti frá 1917 er hún sýnd um 40 m löng. Núna sést skemma vestar sem var að öllum líkindum sambyggð bæjarhúsunum. Hún er um 10x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Skemman er opin til suðurs og veggirnir eru um 1-1,8 m á hæð og sést mest fimm umförf af grjóti í þeim. Tóftin er grasivaxin og hefur verið fyllt með timburbraki. Norðurveggur skemmunnar hefur hrunið inn í hólfið sem og þakið. Bárújárn er í botni tóftarinnar, líklega úr þakinu. Fjárhús, mun nýrra er sambyggt skemmunn. Vestasti hluti þess er með hlöðnum undirstöðum sem hafa að öllum líkindum tilheyrt bænum að sögn Boga Thorarensen, heimildamanns. Þar sést greinilega hvernig hólfið er byggt inn í holtið og er norðurveggurinn um 3 m hár og hlaðinn með smáum hellum. Hólfið er notað sem geymsla hlaða og hefur timburgrindum verið staflað upp við vegginn. Þar sjást nú um 12 umförf af grjóti, ofarlega í veggnum. Í hinum undirstöðunum er mun stærra grjót, þær eru um 0,8 m á hæð of sjást fimm umförf af grjóti. Hólfið er bárújárnsklætt og austurveggurinn steypdur. Að sögn Boga var hlaðin stétt norðan og vestan við skemmuna.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-307:022 heimild kálgarður

63°50.411N 20°23.204V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 10 m vestan við bæ 001 og tæpum 80 m suðvestan við útihús 003. Þar er nú lóð sunnan við einbýlishúsið á Helluvaði 1.

Þar sem kálgarðurinn var er nú bakgarður með trjábeðum, blómum og timburverönd.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Varmadalur

RA-309:001 *Varmadalur* bæjarhóll bústaður

63°49.195N 20°20.689V

Bærinn sem sýndur er á túnakorti frá 1917 stendur enn og er búið í því húsi. Það var byggt 1909 og hefur ekki verið stækkað að sögn Önnu Björgvinsdóttur, heimildamanns. Nú, 2009, mótar ekki fyrir eiginlegum bæjarhól í Varmadal, allt svæðið umhverfis húsið hefur verið jafnað út með jarðýtu. Hvergi mótar fyrir upphækkunum, dældum eða öðru sem gefur umfang og legu bæjarhólsins til kynna. Bakgarður með blóma- og trjábeðum, grasflötum og timburpalli er nú fyrir sunnan og austan íbúðarhúsið.

Á túnakorti er sýndur sambyggður kálgarður austan við bæ en engin ummerki hans sjást nú. Kálgarðurinn hefur verið um 20x20 m að stærð. Bærinn stendur uppi á nokkurs konar holti, sem einnig gengur undir nafninu Völlur. Fyrir norðan og vestan bæinn er malarplan, heimagarður fyrir sunnan og steinsteyppt útihús til austurs. Um 20 m fyrir sunnan íbúðarhúsið er brekka niður hæðina sem bærinn stendur á og endar í Galtalág. Húsið er um 13x16 m stórt og er með steypum kjallara. Húsið er á þremur hæðum og timburklætt. Einbýlishúsið snýr austur-vestur og var tvíbýlishús áður en núverandi ábúendur komu hér 1991. Anna vissi ekki hvort mannvistarleifar komu upp við húsbygginguna en taldi að eldri bæir hefðu einnig staðið á svipuðum slóðum.

Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Varmidalur, 1.

RA-309:016 heimild kálgarður

63°49.188N 20°20.666V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 5 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m austan við kálgarð 015.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði enda svæðinu öllu verið raskað með jarðýtu.

Þar sem kálgarðurinn var er nú bakgarður sunnan við bæ 001. Garðurinn er með trépalli, blómabeðum, grasflötum og trjám.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði. Samkvæmt túnakortinu var kálgarðurinn um 30x20 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Selalækur

RA-310:030 garðlag túngarður

63°48.171N 20°24.184V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var garður meðfram kálgarði 028 sem skipti upp túninu og sjást leifar garðsins um 70 m austan við bæ 001. Garðurinn er í sléttuðu túni sem er nýtt til beitar. Bíslóði er meðfram garðinum að innanverðu. Túngarður er sýnilegur á tveimur stöðum á túninu sem sýnt er á túnakorti frá 1917. Hann markar af svæði sem er 560x200 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Garður A er suðvestar á svæðinu og liggur í L. Annars vegar liggur hann norðvestur-suðaustur og hins vegar norðaustur-suðvestur. Hann er um 0,6 m á hæð og 1 m á breidd. Svæðið sem hann afmarkar er um 100x270 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Annar garður, B, er líklega einnig túngarður.

Hann er vestan við lóð Selalækjar II, um 250 m norðaustan við A.

Garðurinn liggur norðvestur-suðaustur og er á mörkum húsagarðs og beitihólfs. Garðurinn er um 40 m á lengd og 1,1 m á breidd, hæstur um 0,2 m. Að líkindum hafa aðrir hlutar túngarðs horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Oddi

RA-311:001 bæjarhóll bústaður Oddi

63°46.618N 20°23.207V

Samkvæmt túnakorti 1917 stóð bærinn í Odda um 20 m norðaustan við kirkju 002. Þá var að líkindum stórt timburhús í Odda sem nú hefur verið rífið. Núverandi íbúðarhús og prestsbústaður er um 5 m austan við gamla húsið. Á undan timburhúsinu var burstabær í Odda á sama stað. Bærinn stóð suðvestan undir Gammabrekku 026.

Ekki sést eiginlegur bæjarhóll á Odda enda hefur mikið rask átt sér stað á þessum slóðum og óvíst að bærinn hafi alltaf staðið á sama stað. Þar sem timburhúsið stóð er nú slétt grasflöt og er dálítill kantur á henni til austurs sem kann að afmarka grunn hússins eða vera leifar af bæjarhól. Meðfram flötinni til norðurs og vesturs er jarðvegskragi sem kann að vera að hluta leifar af gördum umhverfis húsið eða myndast þegar húsið var rífið. Til suðurs er timburgirðing sem afmarkar núverandi kirkjugarð og sunnan við hana er kantur sem að líkindum er leifar eldri kirkjugarðs. Flötin sem er afmörkuð af ofangreindu er um 13x17 m að stærð og snýr NNA-SSV. Kanturinn til austurs er um 0,4 m á hæð þar sem hæstur og kraginn er 2,5 m á hæð þar sem hann er hæstur til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:012 þúst fjós Fjósadalur

63°46.549N 20°23.165V

"Fyrir framan Oddabæinn [001] er Fjósadalur, þar stóð fjósið fram yfir 1807, er fólkið varð úti í Oddabylnum alræmda. Þá var það flutt í Forartættur (RA-315:001)," segir í örnefnalýsingu. Fjósið hefur verið um 240 m norðaustan við Kraga 317:001 og um 130 m sunnan við bæ 001. Vindkvörn, sem er hár hóll vestan við bæ 001, er fyrir VNV Fjósadalinn og hallar niður á túnið til austurs.

Fjósið var þar sem nú (2009) eru grasvaxið tún fyrir sunnan sandsteinsholtið sem bærinn stendur á.

Þar er fjósið var er nú (2009) hóll, um 40 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Hóllinn er grasvaxinn, sléttur og hliðar hans aflíðandi. Líklega er hóllinn, eða a.m.k. hluti hans, uppsafnaðar mannvistarleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Oddi, 8

RA-311:015 heimild túngarður

63°46.598N 20°23.017V

"Dyrvellir sunnan við Oddatraðir [014], út við túngarðinn," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns, var túngarður umhverfis hluta gamla heimatúnsins. Hann man eftir hluta túngarðsins sunnan við kálgarð 037, þar sem nú liggur vírgirðing. Túngarðurinn var meira en mittishár og gerður úr torfi og grjóti. Á túnakorti frá 1917 er gamla heimatúnið sýnt 520x250 m stórt og snýr það norður-suður. Ekki er hægt að segja með vissu hvaða hlutar túnsins voru afmarkaðir með túngarði.

Fyrir sunnan þar sem túngarðurinn var er nú trjálundur en að öðru leyti gróin slétt tún til vesturs og austurs. Fyrir sunnan túngarðinn er vegur og síðan þýfður mói.

Engin ummerki túngarðsins sjást nú [ágúst 2009] á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Oddi, 8; Túnakort 1917.

RA-311:021 heimild túngarður

63°45.929N 20°21.086V

Fríða Hildur Steinarsdóttir man eftir gömlum hrútakofa sem var um 140 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni Oddhól RA-247. Tóftin var um 2,2 km suðaustan við bæ 001 og tæpa 300 m vestan við Klaufarvað 062.

Þar er nú sléttur grasbali.

Engin ummerki hrútakofans sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-311:035 þúst óþekkt

63°46.592N 20°23.317V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var mannvirki, sennilega lítill kálgarður eða rétt, um 100 m vestan við bæ 001. Hann hefur mögulega verið þar sem lítil dæld er á vesturbrún Fjósadals.

Fjósadalur er allbreið og djúp dæld í hólasmastæðuna sem Oddi er byggður á og umhverfis. Kirkjugarðurinn er vestan við hann og norðan við hann er hesthús. Af vesturbrún dalsins er bratt niður á gamalt tún sem nú er beitarhólf. Allt er grasi gróið á þessum slóðum.

Á þessum slóðum er dæld sem líklega er síðustu leifar kálgarðsins. Hún er um 4x6 m að innanmáli, snýr norður-suður. Hún hallar niður í Fjósadal til austurs. Mesta dýpt er um 0,4 m. Ekki er hægt að segja til um það með nokkurri vissu hvort hér var kálgarður eða rétt, eða eitthvað annað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:037 heimild kálgarður 63°46.546N 20°23.148V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stór kálgarður um 140 m sunnan við bæ 001.
Stór, flatlend hæð er nú (2009) á þeim slóðum sem kálgarðurinn var áður, í sléttu túni sunnan við kirkjugarð.
Ekki sést til minja um kálgarð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-311:052 þúst 63°46.577N 20°23.591V
Hleðsla og þúst sjást um 5 m austan við malarveg er liggur að Sólvöllum. Hleðslan er um 240 m vestan við Jónhjáleigu 031 og rúmum 320 m vestan við bæ 001. Minjarnar eru í norðvesturenda grasivaxins túns sem liggur meðfram malarveginum. Gaddavírgirðing, sem girðir af annað tún, liggur fast austan við þústina. Þúst og hleðsla eru á svæði sem er 16x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið er austast. Það er um 16 m langt en op er á því miðju og liggur kindagata þar í gegn.
Hleðslan er um 0,4 m á hæð og um 1 m á breidd. Garðlagið er grasivaxið og torfhlaðið. Fyrir vestan það er stórpýft svæði, um 12x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er þar og ber einna hæst í þýfinu. Hún er um 6x6 m að stærð, 1 m á hæð og hægt er að sjá útlínur hennar. Garðlagið endar við skurð til suðurs og ekki útilokað að það hafi verið lengra. Minjarnar eru allar grasivaxnar. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessi mannvirki hafa þjónað.
Hættumat: engin hætta

Strympa

RA-314:001 Strympa bæjarhóll bústaður 63°46.605N 20°23.255V
Býlið Strympa stóð á hólrima norðaustan við norðvesturhorn kirkjugarðsins 311:002, um 45 m vestan við Odda 311:001.
Bæjarhóllinn er nú innan kirkjugarðs og leiði eru fast austan við hann. Hann er sleginn nema að norðan þar sem er hólrani. Vestan við hann er nýlegt hesthús við norðausturenda Fjósadals. Í Rangvellingabók segir frá munnmælum sem herma að Strympa hefði aðeins átt slægjur í kirkjugarði og á bæjarhúsum Odda. Örnefni á engjum, s.s. Strympumýri, Strympuhólmi og Strympubakkar, benda þó til þess að Strympa hafi einnig átt slægjur á engjum. Bæjarhóll Strympu er um 12x8 m að stærð og snýr norður-suður. Dæld er í hólinn norðanverðan og er hún um 3x4 m að innanmáli og um 0,2 m á dýpt. Í dældinni stendur stytta á grágrýtisstöpli sem er af Sæmundi á selnum eftir Ásmund Sveinsson. Á stöplinum stendur að Rangæingar hafi reist styttuna 1998 í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitökunnar. Snarbratt er niður af hólnum til austurs, þar er hann um 2 m á hæð en lægri til annarra átta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Oddi, 4, 7

Langekra

RA-316:004 hellir 63°46.485N 20°23.410V
"Í Langekrutúni sjást merki um fallin helli, eins í gamla Oddhól," segir í Sunnlenskum byggðum. Hellirinn var rúmum 80 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m austan við útihús 003. Hann er nú samfallinn og sést aðeins sem jarðfall. Um 5 m fyrir norðvestan hellinn hefst raflína sem liggur til austurs.
Jarðfallið er í grasivöxnu og sléttu holti austan við bæ 001. Hellirinn var í vesturenda holtsins. Í holtsbrekku norðaustan við bæ 001 er að finna jarðfall þar sem hellirinn var. Það er um 32x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hellirinn hefur verið opinn til vesturs, út í brekkubrúnina. Líklega hefur

hellirinn verið þrískiptur af jarðfallinu að dæma. Vestast er dæld sem er um 12x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún fjarar út til vesturs þar sem gengið hefur verið inn. Til austurs eru hliðar hennar brattar og dældin um 1,8 m djúp. Önnur dæld er um 3 m austar en haft er á milli þeirra. Dældin er um 8x6 m að stærð og um 1,3 m á dýpt og snýr austurvestur. Austur úr henni mjókkar dældin og verður aðeins um 1 m á breidd og um 0,4 m á dýpt. Þar víkkar hún aftur og verður 6x4 m að stærð og um 0,6 m á dýpt og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 12

Eystra Fróðholt

RA-269:003 bæjarhóll bústaður Eystra Fróðholt 63°44.863N 20°22.816V

"Bærinn stóð upphaflega tæpum hálfum kílómetri vestar en nú, þar sem enn heitir Fornibær [sjá 001], en var um 1810 fluttur þangað sem hann enn stendur," segir í Rangvellingabók. Bærinn í Eystra-Fróðholti stóð frá 1810 þar sem íbúðarhúsið á bænum (byggt á þriðja áratug síðustu aldar) stendur nú, það er ekki með kjallara. Húsið er um 345 m VSV við Fornabæ 001.

Húsið stendur á hól, austan og sunnan við það eru sléttuð tún en að vestan er hóll (002) og malarplan. Hóllin er um 35x25m stór og snýr N-S. Hann er ógreinilegur frá norðri þar sem land hækkar upp að vegi en hæstur að sunnan þar sem hann er um 1,1 m hár. Fast upp við húsið, á hólnum er gróinn garður þar sem trjám og öðrum gróðri hefur verið plantað. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Þar er sýnt fjögurra burstu hús og undir teikningunni segir: " ... mest ber á baðstofunni (5x4,7x2,2m.) og húsi (?) þar hjá, bæði með hálfþiljum og járnþaki ... en búr og eldhús torfhúsin á vinstri hlið við baðstofuna, og kálgarður þar sunnan undir."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Fróðholtshjáleiga (Ármót)

RA-267:004 heimild útihús Mosakot

63°45.231N 20°22.760V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m austan við bæ 001. Hreinn Árnason, heimildamaður (f. ???), man eftir þústi á þessum slóðum sem krakkarnir á bænum léku sér í og var kölluð Mosakot. Þar er nú slétt tún austan íbúðarhúss í Ármótum.

Ekki sér fyrir húsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Bakkakot

RA-264:017 frásögn fjós

63°45.853N 20°26.177V

Þóra Bernódusdóttir man eftir útihúsum framan (norðan), við núverandi íbúðarhús. Þar voru fjós og hlaða sem rutt var út 1973. Fjósið og hlaðan voru um 5-10 m NA við bæ 001.

Þar sem húsin stóðu eru nú slétt malarplan norðan íbúðarhúss.

Ekki sést fyrir húsunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-264:018 heimild kálgarður

63°45.848N 20°26.179V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast austan við bæ 001.

Þar stendur núverandi íbúðarhús í Bakkakoti I, malarplan er norðan við það en slétt grasflöt í aðrar áttir.

Ekki sér fyrir kálgarðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-264:021 heimild kálgarður

63°45.861N 20°25.938V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 200 m austan við bæ 001, um 135 m vestan við Litla Bakkakot 265:001.

Þar eru nú slétt tún, fast sunnan við þjóðveg milli Bakkabæja.

Ekki sér fyrir kálgarðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

Bakkakotskot

RA-265:001 *Bakkakotskot* bæjarhóll bústaður

63°45.838N 20°25.780V

"Nokkuð austur af bænum var smábýli, sem hét Litla-Bakkakot. ... Í tóftunum á að halda til gömul kerling í rollulíki, hafa Bakkabæingar stundum þózt sjá hana, er þeir hafa verið á ferð í skuggsýni að vetrarlagi," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóll Litla-Bakkakots (sem sennilega er sama hjáleiga og sú sem nefnd er Bakkakotskot) er um 350 m VNV frá bæ í Bakkakoti 264:001. Þjóðvegurinn um Bakkabæi liggur yfir norðurenda hólins.

Hóllinn er í sléttu túni.

Hóllinn er um 20x15 m stór og snýr N-S. Hann er hæstur um 1 m. Halla Bjarnadóttir í Ártúnum (f. 1965) sagði frá því að þegar faðir hennar, Bjarni Ársælsson frá Bakkakoti var að taka upp tún þarna hafi komið upp hellur. Engar hleðsluleifar eru nú á hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Bakkabær, 9

Hátún (Ártún)

RA-262:001 *Hátún* bæjarhóll bústaður

63°46.336N 20°28.997V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvíbýli í Ártúnum það ár. Þar sem bæirnir stóðu er hóll. Hann er um 130 m ANA af núverandi íbúðarhúsi (byggt 1932) og um 30 m sunnan við Þverá. Hér er skráður syðri bærinn, en ekki er ljóst hvort hann hafi heitað Ártún I eða Ártún II. Nyrðri bærinn er skráður undir númeri 002.

Hóllinn er í sléttu túni. Núverandi heimreið að bænum liggur yfir suðurenda hans.

Hóllinn er um 60x30 m stór, snýr N-S. Hann er um 3 m hár. Í NV horni hans er dæld eftir fjárhús sem þar stóðu. Þau fuku í ofsaverði á seinni hluta níunda áratug síðustu aldar. Dældin er um 0.8 m djúp, um 17x13 m stór og snýr A-V. Uppdráttur af Ártúnum II eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar Rangárvellir. Þar er hlaða sambyggð bænum sem og fjós og hesthús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; HS., viðauki.

Uxahryggur

RA-273:003 heimild kálgarður

63°43.586N 20°19.134V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast austan við bæjarsamstæðuna.

Þar er nú hátt gras milli bæjar og slóða sem liggur niður, suður, í mýrina.

Engin ummerki garðsins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:013 *Langhólar* bæjarstæði býli

63°43.917N 20°20.944V

"Í Vesturbakka, þar sem bugurinn er á ánni, nefnist Bugar ... Nokkuð austar eru ávalir hæðahryggir, sem

nefnast Langhólar (eyðibýli), nú standa þar ærhús," segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús á Uxahrygg II stendur á Langhólum, um 1 km NV af Fornabæ 001 og um 1 km VNV af Uxahrygg I 002. Húsið var byggt 1957 það er ekki með kjallara. Ærhúsin stóðu um 30 m vestan við núverandi íbúðarhús en þar er nú steinsteypt burstahús.

Húsin standa bæði á grónum stalli, norðan við hann er malarplan en sunnar slétt tún.

Stallurinn er um 70x40 m stór, snýr A-V. Hann er hæstur frá suðri um 1 m en ógreinilegur frá norðri. Gróinn garður er fast upp við íbúðarhúsið. Stallurinn hefur eflaust myndast við byggingu húsanna fremur en við uppsöfnun mannvistarlaga enda búseta á þessum stað ekki löng.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bakkabær, 2

Strönd

RA-276:001 Strönd bæjarhóll bústaður 63°47.948N 20°18.391V

Bærinn á Syðri-Strönd stóð þar sem nú stendur þrílyft steinsteypt hús, byggt 1933, sem hýsir nú golfskála. Húsið stendur á talsverðum hól, en mikil landmótun hefur átt sér stað á bæjarstæðinu. Húsið er ekki með kjallara.

Vestan við húsið er heimreið að því og norðan við eru bílastæði. Í aðrar áttir er sléttur golfvöllur.

Hóllinn er um 80x60 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur úr suðri um 3 m en lægri úr öðrum áttum. Hólnum hefur mikið verið raskað við byggingu hússins og gerð golfvallarins. Ljóst er að hann er ekki eingöngu uppsöfnuð mannvistarlög frá byggð Syðri-

Strandar heldur hefur honum að talsverðu leyti verið rutt upp við þá landmótun sem hefur átt sér stað á þessum slóðum. Mannvistarleifar eru án efa undir sverði þó þeim hafi verið raskað talsvert á undanförunum árum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Vestari Kirkjubær

RA-277:034 heimild kálgarður 63°49.739N 20°14.717V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður vestan við hlöðu 004, milli hennar og fjóss 002.

Þar er nú hátt gras, fast norðan við núverandi heimreið sem líkast til liggur þvert yfir þar sem kálgarðurinn var.

Engin ummerki kálgarðsins sjást nú á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Stóra-Hof

RA-279:008 Stóra Hof bæjarhóll bústaður 63°47.474N 20°11.906V

Bærinn á Stóra-Hofi stóð á sama stað fram á 18. öld á Hofsvelli, 001, bærinn líklega fluttur um 1760-80. Þaðan flutti Einar Ben hann á núverandi stað rétt eftir síðustu aldamót. Húsið sem merkt er á túnakort frá 1917 var byggt árið 1909 eftir að eldra hús, byggt 1903, brann. Það er um 850 m SSA við 001. Húsið er timburhús á steinsteyptum grunni með kjallara. Það er á tveimur hæðum.

Vestan og norðan við húsið eru slétt tún en að sunnan og vestan er smáþýft votlendi.

Húsið stendur á hól. Hann er um 120x60 m sórt snýr, A-V. Hóllinn er hár séð frá suðri og suðaustri en fellur inn í landið til norðurs og vesturs. Hann er hæstur um 10 m, ugglaut að mestu leyti náttúrulegur, enda hefur bærinn ekki staðið hér lengi. Fast suðaustan við íbúðarhúsið er útihúsasamstæða á hólnum, að norðaustan er malarplan en ræktaður garður í aðrar áttir. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan uppdráttinn stendur: "A íbúðar-timburhús (8,9x9x8 m.)".

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; HS, viðauki.

Keldur

RA-282:001 *Keldur* bæjarhóll bústaður

63°49.296N 20°04.430V

Gamli bærinn á Keldum er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Hann er sunnan núverandi bæjarhúsa á jörðinni, fast norðan og vestan við kirkjugarð 002.

Sunnan við bæinn rennur bæjarlækurinn og handan hans eru slétt tún. Norðan við bæinn er malarplan og innkeyrsla að núverandi bæjar- og útihúsum.

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar um Keldur á Rangárvöllum segir: "Elzta úttekt á Keldum, sem nú þekktist, er frá 1817, þá er Páll Guðmundsson tók þar við ábúð af móður sinni, og er þannig, í ágripi: 1. Baðstofa 4 stafgólf, 8 stafir stuttir, 2 langir, 5 sperrur, 2 bitar, syllur og áfellur. Langfjalir móti rúmum í innsta stafgólfi, þar er fjalagólf og þil fyrir með læstri hurð, þar er og fjala-árefti, en raftar með hellu í þekju á hinum stafgólfunum þremur. Aths. [...] Enginn gluggi er nefndur, en lítill gluggi mun þá hafa verið á (austur?) gaflhlaðinu, í hjóna herberginu, og sennilega skjágluggaauðu á þekju yfir rúmum í hinum hlutanum, þiljulausa. 2. Göng, frá baðstofu (til bæjardyr). Þvertré tvö með dvergum og mænitróðu, langraftar og viðartróð gamalt. Hurð á járnum og 1 fjöl við hvorn dyrastaf, en annan þeirra vantar. Baðstofa og göng stæðileg að viðum og veggjum. 3. Búr, 3 1/2 stafgólf, 6 álnir á vidd, 10 langstafir, 5 bitar og sperrur, syllur og áfellur, langbönd og reisifjöl á öllu húsinu, en sloppin af mæniás öðrumegin. Af austurgafhlæði er staura upprefti í innstu sperru. Þil og læst hurð fyrir húsinu. Reisifjölin er feyskin og sperrur hallast lítið eitt inn á við. Veggir stæðilegir. Ofanálág 4 rd. 4. Skáli, 3 stafgólf. 5 1/2 alin á vidd, 8 langstafir og 4 bitar og sperrur, syllur og áfellur, langbönd tvö á hlið og mæniás tvöfaldur, reisifjöl á öllu húsinu, þil undir bita með hurð, en án hurðar yfir bita. Stafirnir fremstu eru fúnir að neðan, af mold úr veggjum. Reisifjölin er fúin undir tveimur gluggum, 4 fjalir, 1 langband svignað og lítið bilað. Stafur einn hefur gengið inn að neðan og veggur fallinn í einu stafgólfi öðru megin. Álag 6 rd. [...] 5. Önd og bæjardyr, með lofti 3 1/2 faðmur á lengd, 3 1/2 alin á vidd, 6 stafir, 5 bitar (1 veikur og stuttur). Súð á 3 sperrum á dyralofti, en reisifjöl yfir öndinni, með 4 langtrjám að norðan og 2 krókttrjám á móti, langbönd 3 á hlið, mæniás og stuttraftar. Þil með læstri hurð er fyrir dyralofti og standþil á frumstafni, með lokaðri hurð og glerglugga á loftinu. Þiljað er kringum loftstigan, með hurð á járnum. Húsið er stæðilegt. [...] Næsta úttekt er 16 árum síðar [1833] [...] 1. "Baðstofa, sem nú er brúkuð fyrir eldhús," 4 stafgólf, 10 álnir á lengd og rúmur faðmur á vidd, 6 langstafir og 4 stuttir. Yfirgerðin slík sem áður. Húsið stæðilegt. - Stærðin mun lík og áður, en breytt hefur húsinu verið og byggt upp, eins og stafirnir sýna, er áður voru 2 langir og 8 stuttir. 2. Göng 1 1/2 faðmur á lengd, uppgerð sama og áður. Veggur bilaður. Álag 5 fiskar. 3. Búr, eins, gallað. Álag 60 fiskar. 4. Skáli, sömuleiðis. Álag 25 fiskar. 5. Önd og bæjardyr, stigaumbúnaður bilaður. Álag 15 fiskar. [...] Baðstofan, sem hér er svo kölluð, en orðin að eldhúsi er ennþá, ásamt göngunum á sama stað og með líku lagi. Gluggaborur 2, litlar mjög, voru þar fyrst í mínu minni, á suðurþekju og vesturgafli. Nú einn dálítið stærri, vestanvert. Við vesturgafli, upp frá göngunum, sem eru móti miðjum bæjardyrum, er útskot til norðurs, rúmlega 1 ferfaðmur, þar eru tvenn hlóð, með stórum öskustóm undir, og 2 strompar yfir." Í úttekt Brynjúlfs Jónssonar á bænum á Keldum í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá árinu 1900 segir: "Á Keldum á Rangárvöllum er enn til forn skáli frammi í bænum. Hann snýr frá austri til vesturs, en bærinn snýr móti suðri, og ganga bæjardyrnar inn í suðurhlið skálans. Er sá hluti hans, sem austur gengur frá dyrunum, nú notaður fyrir búr, en vesturhlutinn er hafður fyrir göng til stofu. Bæði búið og göngin eru skilin frá bæjardyrnum með þili, þar á eru dyr, aðrar inn í göngin, hinar inn í búið, hvorar móti öðrum, og eru bogamyndaðar að ofan. Bæjardyrnar eru 5 1/4 al., á lengd, 3 1/2 al. á vidd inn þangað, sem skálaþilin taka við, en milli þeirra er 4 1/2 al., sem er eiginlega hluti úr lengd skálans. Austurendi skálans, sem nú er búr, er 6 al. langir, en sá hluti, sem hafður er fyrir göng, er 6 1/2 al. langur. Hæð undir bita er 3 al. 10 þumbl, en lengd bita 6 al., á þykkt eru bitar nær 8 þumbl. Undir endum þeirra eru stafir mjög digrir. Baktil að ofan eru greypar í þá syllur, 10 þumbl. breiðar, og nær 3 þumbl. þykkar með nótu að neðan til að greypa þiljur í. Risið er gjört með sperrum og eru kjálkarnir nálega 4 al. langir, 8 1/2 þumbl. breiðir og um 3 1/3 þumbl. þykkir. Bitar, syllur og sperrukjálkar eru með kýlingarstrikum. Ofan á syllunum uppi við ræfið eru áfellur, viðlíka breiðar og syllurnar sjálfar. Langbönd hafa áður verið greipt í sperrukjálkana, en liggja nú utan á þeim, en reisifjöl þar ofan á í stað súðar. Loft er í þeim hluta skálans sem fyrir göng er hafður, og eru nál. 3 ál til mælis af loftinu. Í búrinu er ekki loft nú. Af því eigi þarf svo við göng sem

skálinn er víður, er gjört skilrúm eftir þeim hluta hans, og eru göngin með norðurveggnum, en sunnanmegin hefir verið hafður vefstaður. Er þar gluggi á veggnum og skilrímið þannig opið, að hann ber líka birtu í göngin. Við vesturenda hans er þil og dyr til stofunnar, sem auðvitað er. Sagt er, að hann hafi áður náð miklu lengra vestur, og hafi verið tekið af honum og viðirnir fluttir að Barkarstöðum. Allir víðir skálans eru eintómt rekatré og eru enn ófúnir, jafnvel reisifjölin. Vita menn þó ekki, hve gamlir þeir eru, því þó skálann hafi þurft að endurbæta að veggjum eða þekju, hafa sömu víðir ávalt verið notaðir áfram; vita menn eigi til, að í þá hafi verið bætt nema í bita í búrið. Er sá bita auðþekktur, því hann er óheflaður og á honum ártalið, þá er hann var látinn þar, nl. 1789. Og í landsskjálftanum 1896 brotnaði sperra og var önnur ný lätin í staðinn og ártalið skorið á hana. - Þó sú gerð, sem skálinn hefir nú, sé að líkindum eigi hin upprunalega, þá er hún þó mjög gömul og ber vott um það, hve bygging var traust og vönduð fyrrum." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir um Keldnabæinn: "Bærinn stendur nálæga á miðju túni. Bæjarröndin er 53 m. á lengd; snúa 7 hús, íbúðir og skemmur, stöfnum fram (skálinn langs við). Íbúðin er undir járn, en önnur hús árefti og hellu, með vallgrónum þekjum. Öll er byggingin rammbýggileg. Að baki þeirra er Húsagarðurinn [185], samhliða skálanum, baka-til, er gömul baðstofutóft; hefur verið gengið beint inn úr bæjardyrnum. Ekkert gripahús er nálægt bænum. Húsbaerinn náði áður töluvert lengra austur." Í rannsóknaskýrslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1999 segir um bæinn: "Nýja hús: Árið 1937 byggðu Lýður Skúlason og Jónína Jónsdóttir nýtt íbúðarhús úr timbri, alklæddu bárujárn og varð Vesturskemman þá að lúta í lægra haldi og var rífin. Árið 1985 festi Þjóðminjasafnið kaup á Nýja húsi og á árunum 1992 og 1997 fóru fram umfangsmiklar viðgerðir á því. Það þjónar nú sem aðstaða fyrir vinnumenn þá sem sinna uppbyggingunni á Keldum [árið 2008 var húsið nýtt sem aðstaða fyrir safnvörð og leiðsögumann]. Baðstofa: Páll Guðmundsson (1817-28) mun fyrstur hafa byggð baðstofu við vesturenda skálans, þar sem baðstofan er nú. Húsið er tvílyft og er sjálf baðstofan á efri hæðinni; loftbaðstofa. Á neðri hæðinni er stofa, gestaherbergi og svokallað Piltaherbergi, en þar sváfu vinnumenn. Árið 1891 var hún öll endurbyggð. Stiginn upp í baðstofu var þá færður að austurhlöðinni, nýr og járnfóðraður, en áður hafði hann verið vestan megin þar sem gestaherbergið er nú. Þá var Vesturskemman sem staðið hafði fast samhliða vesturvegg baðstofunnar færð til vesturs og sameinuð útielldhúsinu, sem stóð fast vestan við skemmuna. Útielldhúsið var þá rífið. Við þetta myndaðist sund milli baðstofunnar og Vesturskemma. Þá voru gluggarnir settir á gestaherbergið og Piltaherbergið í vesturvegginn. Torfpallur, sem verið hafði undir gluggum í stofunni, var tekinn burt og sett standþil niður í gólfhæð. Uppi var norðurgafhlæð baðstofunnar rífið en gaflinn þiljaður þess í stað og settur í hann gluggi. Glugginn uppi við vesturvegginn var stækkaður en þar undir var kaffiborðið sett. Hjörtur snikkari smíðaði baðstofuna að mestu leyti og rúmstæðin voru smíðuð á ný. Við þessar framkvæmdir árið 1891 var þekjan járnklædd og sennilega hafa báðir stafnarnir verið klæddir járn árið 1910 og kom það í stað listapils áður. Baðstofan er að heita má óbreytt síðan. Vesturveggur og austurveggur í Piltaherbergi voru mjög farnir að riðlast. Í Piltaherberginu var veggurinn genginn inn í pilin. Gera þurfti við þiljur, fúa undir stoðum, gólfbita, bæði í Piltaherbergi og inni í stofu, og báða stafnanna vegna fúa. Skáli, bæjardyr og búr: Skálinn ásamt bæjardyrum og búrinu er óhætt að segja að séu elstu hús landsins. Í Þorlákssögu helga er sagt frá því að Jón Loftsson hafi látið smíða kirkju og klausturhús fyrir norðan læk á Keldum. Allt fram á síðustu öld sáust leifar af bæjarrústum sunnan við lækinn, en nú er þar aðeins lítill bali eftir [150]. Það má því ímynda sér að fyrst þá hafi skáli verið byggður norðan við læk og standi nú á þeim stað sem hann var upphaflega settur. Við fornleifarannsókn sumarið 1998 var tekið snið í gegnum þveran skálann þar sem jarðgöngin tengjast honum. Gólfloegin ná um 1,40 m niður og er það neðsta sennilega frá 12.-13. öld. Jarðgöngin munu tilheyra þessu gólfagi. Elstu gólfín í skálanum á Keldum bera merki þess að á þeim voru svokallaðir innstafir, þ.e. tvær stoðaraðir, sín hvoru megin við miðju hússins, gangvegur á milli þeirra, en set upp við veggina. Grindin hefur því verið með ásauppperð, sennilega þriggja ása, með vaglbita og dverg. Slík grindagerð hefur tíðkast á Þjóðveldisöld, allt frá landnámi. Nú er Keldnaskáli hins vegar með sperrupaki sem er talin yngri gerð. [...] Hlóðaelldhús: Fljótlega eftir að Páll Guðmundsson byggði baðstofu sína vestan við skálann hefur gömlu baðstofunni sem þá var, verið breytt í hlóðaelldhús. [...] Útielldhús, sem stóð allt til 1891, hefur þá misst hlutverk sitt. [...] Innsta stafgólfið hefur verið þiljað af, líklega fyrir húsbændur. Hús þetta er enn með svipuðu lagi og það hafði þegar það var notað sem baðstofa. Í vesturendanum er útskot til norðurs og þar voru hlaðnar tvennar hlóðir [sbr. úttekt að framan]. Um 1880 var gerð renna eftir endilöngum göngunum til þess að fá undirblástur inn í aðal öskustóna. Austurhluti hússins er nefnd Taðstál, en þar var geymd þurrkuð kúamykja sem notuð var sem brenni. Taðinu var komið í hús gegnum op innst á norðurþekjunni. Eldhús þetta var notað fyrir eldamennsku allt til 1914,

eða þar til Skúli Guðmundsson lét útbúa nýtt eldhús í vesturenda skálans. [...] Árið 1957 hrundi þessi bygging, og var hún þá endurbyggð [...] en veggirnir í göngunum að eldhúsinu voru hins vegar hlaðnir árið 1971. [...] Stóraskemma: Stóraskemma stendur næst búrinu og hefur sennilega borist til Keldna sem arfur þriðju konu Guðmundar Brynjólfssonar, Þuríðar Jónsdóttur árið 1852. Skemman mun hafa verið smíðahús föður hennar, Jóns Sigurðssonar (d. 1850). [...] Skemman var líklega sett þar sem smiðjan hafði staðið. Árið 1994 var Stóraskemma gerð upp, allir veggir hlaðnir og grindin smíðuð á ný úr rekavið. Litlaskemma: Litlaskemma gekk upphaflega undir nafninu Austurskemman. Þegar Guðmundur Brynjólfsson giftist annarri konu sinni, Guðrínu Pálsdóttur Guðmundssonar frá Keldum árið 1833, var Austurskemman flutt frá Króktúni og sett austur fyrir bæjarhúsin, "óvíst á núverandi stað" [segir í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta Smátt.]. Litlaskemma var öll uppgerð árið 1994. [...] Smiðja: Árið 1833 þegar Guðmundur Brynjólfsson fluttist að Keldum, mun ekkert hús hafa staðið austan við búrið nema smiðjan og hefur þá sennilega staðið samföst búrinu, þar sem stóraskemma stendur nú. Við fornleifarannsókn sumarið 1997 kom í ljós að smiðjan hefur staðið tiltölulega skamma stund þar sem hún nú er [...] Smiðjan sem nú stendur var gerð upp sumarið 1997. [...] Hjallur: Hjallurinn stendur austast í bæjarröðinni og er aldur hans óviss, en hann er sennilega frá árabílinu 1834-1850. [...] Hjallurinn tók nokkrum breytingum árið 1891, en þá var ákveðið að loka norðurstafninum. Þar var sett listapil og hleri á lamir, til þess að halda gegnumtreknum. Áður hafði verið þar rimlapil líkt og að framan. Fyrir rimlana að framan voru smíðaðir lausir hlerar. Árið 1910 var hjallinum síðan lokað alveg, er Vesturskemmuhurðin var sett fyrir dyraopið [...] Stafnpil á hjalli, smiðju og Litluskemmu voru endurnýjuð árið 1961 og tók hjallstafinn þá verulegum breytingum. [...] Hjallurinn var síðan allur gerður upp sumarið **Hættumat**: engin hættu
Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 159-161; BJ: Árbók 1900, 7-8; HS: Árbók 1937-1939, 115-116; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 8-12.

RA-282:007 *Króktún* tóft+garðlag býli

63°49.271N 20°04.695V

Hjáleiga frá Keldum var nálægt túninu, í byggð 1709 en lagðist í eyði 1839. Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenzka fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Króktún var hjáleiga frá Keldum; það var lagt í eyði vegna sandágangs heimajarðarinnar 1839. Króktúnshúsin, er þar standa nú, voru sett í bæjarrústirnar. Útsuður af bænum (Króktúni) var Skygnir [svo] [033], nú nefndur Króktúnshóll. [...] Þvert yfir Króktúnið framarlega liggur Gerðisgarðurinn. Hann er frá því í fornöld, og nær út í hraunið fyrir utan; er það nokkur hluti garðs þess sem liggur umhverfis túnið." Í sömu heimild segir: "Girðing er framanvert við dalinn [Fagradal] frá læknum og norður að hrauni, notuð til slægja; fjárhús er innan hennar, nefnt Nýja-hús (þó það sé elzt ærhúsanna)." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Fyrsta verulega fjárhúsið fyrir fullorðið fé á Keldum, Nýjahúsið, byggði Skúli Guðmundsson 1907 fyrir vestan Króktún. Það er með jötugarði í miðju og jötum við vegg, tekur allt að 80 kindur. Er með jarnþaki og sömuleiðis hlaða inn af því fyrir 40 heyhesta. Aðfluttir nokkur hundruð hestburðir af grjóti." Í sömu bók segir: "Hesthús í Króktúni, gert upp úr skemmutótt þar, eftir 1839, mun nú horfið í hlöðuna þar. 3. Hesthús annað við hlið hins, snéru vestsuðvestur. Notað enn fyrir fê, hross eða trippi". Skúli Guðmundsson segir í handriti sínu Smæsta smátt: "1889 2. okt. Þ.J. (sk). Krókhesthús nyrðra. Rífið, þröngt, langt. Stytt um alin, víkkað, hækkað gólf (sem í hinu) c 3/4 al. hliðar stallur að sunnan sem fyr (og í hinuvar) nú c 5 al. (sjá 1904)". Skúli Lýðsson, heimildamaður, sagði að Nýja-hús væri á sama stað og býlið Króktún stóð. Stór tóft og garðlag við hana er í Króktúni fast norðaustan við Skyggni og um 210 m vestan við bæ 001. Nýja-hús (Króktúnshús) er vestast í tóftinni en samkvæmt lýsingu í bókinni Keldur á Rangárvöllum hvarf hesthús í hlöðuna sem því tilheyrði og næst austan við fjárhús og hlöðu var annað hesthús. Ekki er vitað hvaða hlutverkum önnur hólfi þjónuðu. Ekki er útilokað að hús hafi verið á hólnum Skyggni, s.s. að hann sé ekki að öllu leyti náttúrulegur. Núverandi hús eru norðaustan undir Skyggni, grjóthlaðin, að hrúni komin. Túngarður er vestan við Nýja-hús og segir um hann í bókinni Keldur á Rangárvöllum: "Króktúnsgarður. En úr því [eftir 1800] hefur verið byrjað á túngarði fyrir Króktúni, sennilega af ábúanda þar. [...] Byrjað hefur verið að sunnanverðu um svo nefnt Gerði, og haldið þá eða síðar áfram á sama stað og garður er þar enn. Er hann úr torfi vestur mótis við lambhúsin [172], á miðju túni, en úr grjóti þaðan frá að vestan og norðan að mestu." Veglegur túngarður er vestan við Króktún. Hann sést að hluta til vestan í háum bakka sem er upp á túnið. Þar hefur áfokssandur og -mold fyllt upp að innri brún garðsins og sumstaðar yfir hana.

Grasgefið svæði er milli túngarðs og Króktúnslækjar. Landið hækkar eftir því sem fjær dregur frá læknum til vesturs. Fjárhúsin og garðlagið eru í Króktúni sem nú er hagi búsmala, slétt og grösugt tún.

Túngarðurinn liggur yfir mishæðótt land. Utan hans eru grösugir stórir hólar og dalir á milli þeirra en innan hans er túnið.

Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir: "Bærinn á Króktúni stóð á miðju túninu. Þar eru nú þrjú lambhús, hesthús og hlaða. En ekkert teljandi sést eftir af gamla bænum." Í Króktúni er skráður túngarður, fjárhús og garðlag sem stóðu á sama stað og hjáleigan. Þessar minjar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu en þær eru á svæði sem er um 175 x 70 m að stærð. Í Króktúni eru einnig skráð tvö lambhús 172 og hesthús 033 en þau mannvirki voru reist eftir að hjáleigan Króktún fór í eyði. Heildarstærð svæðis sem fjárhús A og lítið garðlag B ná yfir er 33 x 20 m og snýr svæðið austur-vestur. Fjárhúsin voru samkvæmt heimildum aðeins í vesturhluta tóftarinnar en hér verður fjallað um tóftina í heild sem fjárhús. Þakið yfir fjárhúsum og öðrum hólum er að mestu hrúnið en hangir þó enn uppi sumstaðar. Fjárhústóftin er 24 x 12 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 6 hól. Mesta hleðsluhæð er 2 m. Vestast eru 2 hól I og II (fjárhús) sem snúa austur-vestur, samsíða og svipað stór, um 2 x 5 m að innanmáli. Á þeim eru niðurfalinn þök. Austan við þau er stórt þaklaust hól III (hlaða) sem er um 4 x 5 m að innanmáli, snýr norður-suður og er fullt af spýtnarusli. Sennilega hefur inngangur í hól III verið í suðausturhorninu og úr því hefur verið gengið inn í hól I og II. Þar austan við er hól IV, undir þaki. Það hól hefur að öllum líkindum verið hesthús, það er um 6 x 2 m að innanmáli, inngangur úr suðri, snýr norður-suður. Hól V er þar austan við, án þaks, er um 4,5 x 3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Inngangur úr norðri, hátt er niður úr inngangi. Austasta hólið VI er undir þaki, um 6 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður, inngangur til suðurs. Tóftin er grjóthlaðin og líklega hefur torf einnig verið notað í hleðslur. Þekja er úr bárujárni og torfi. Þau þök sem ekki eru þegar hrúnin eru komin að hrúni. Rof er í veggjum að utanverðu við vestur- og austurstafna og víðar. Garðlag B er vestan við húsin og beygir til suðausturs meðfram hólum Skyggni. Meðfram hólum er kantur fremur en garður og hefur hann þannig verið nýttur til aðhalds. Garðurinn er um 1-2 m á breidd, um 0,4 m á hæð og um 18 m langur en rof er í hann við suðvesturhorn húsa og kann leið að hafa legið þar um en hlið á túngarðinum C er á svipuðum stað, um 40 m vestar. Túngarðurinn afmarkar norðaustur og vesturhlið Króktúns. Króktúnslækur afmarkar túnið til austurs og suðausturs en ekki sést til garðhleðslu við suðurenda túnsins. Ætla má að Gerðisgarður sem nefndur er hér að ofan sé að hluta til á sama stað og þessi garður en ekki var hægt að sjá nákvæmlega hvar. Þá er einnig möguleiki að í lýsingu sé átt við að Gerðisgarður sé hluti af garði vestan við Króktún sem skráður er sem varnargarður 026. Milli túngarðs og Króktúnslækjar er tún sem er 180 x 115 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er orðinn mjög gróinn á norðausturhliðinni, meðfram afleggjara heim að bæ. Þar sem garðurinn beygir til suðvesturs frá afleggjaranum sést aðeins ytri hlið garðsins á um 50 m löngum kafla til suðvesturs. Þaðan beygir garðurinn til suðsuðausturs og sést vel á 100 m löngum kafla en endar vestan við Skyggni, 16 m vestan við hesthús 138. Garðurinn er grjóthlaðinn en víða mjög gróinn. Hann er alls um 150 m langur, mesta hleðsluhæð er 1,1 m, sjást 5 umfö. Þar sem garðurinn sést allur er hann um 0,5 m breiður. 70 m norðan við SSA-enda garðsins er um 2 m breitt op á garðinum og er líklegt að þar hafi verið hlið á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 239-240; HS: Árbók 1937-1939, 118, 133; VG: Árbók 1953, 62; VG:Keldur á Rangárvöllum, 176-177, 181,197.

RA-282:163 Vesturtraðir vegur traðir

63°49.298N 20°04.481V

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Við lok 19. aldar var fyrst farið að hlaða Vesturtraðirnar. Áður var þetta "að miklu leyti ein gata með troðningum um kring (SG, bls. 30-32)". Árið 1903 var traðargarðurinn í fyrsta sinn hlaðinn niður fyrir brekku og vestur að lindinni og voru notaðir hnausar í hleðsluna ... Vesturtraðirnar voru allar uppgrónar vorið 1997 og var grafið upp úr þeim og þær endurhlaðnar þá um sumarið." Traðirnar liggja vestur frá bæ 001 niður afliðandi brekku. Þær eru greinilegar enda endurgerðar.

Fast norður við traðirnar er grasbali að malarplani fyrir framan núverandi útihús. Til suðurs er grasivaxið tún.

Traðirnar eru 2 m breiðar og 1 m á hæð. Mól er í botni þeirra. Þær eru um 60 m langar og sveigja til norðurs Maríubrunn 030 og sameinast Botnavegi 181 um 50 m norðaustar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 1999: bls. 7-8.

RA-282:181 *Botnavegur* heimild leið

63°49.328N 20°04.605V

Í handritinu Smæsta smátt stendur: "Botnavegur, akvegur jarðföll (stöðull). Vegur í botnum er ofan við Króktún og lækjarbotnana þar fyrir austan, sunnan undir Hólavelli. Hliðið til Botnavegar hefur í fyrstu ljósast verið við útn. horn Króktúns, á móts við Upptúnsgarðinn [sjá 026] þar, fyrir vestan Hólavöll. Þegar þar blés allt upp norðanmegin, hefur það verið fært austur, miðjavega austur að læk. þar settir kampar sunnan vegin, en hlaðið á klett (síðar brotinn að nokkru) norðanmegin. Þaðan lá einfaldur grjótgarður [sjá 026] (6-7 faðma) (199) upp brunahrauns nefið að Hólavallarofi - Grasbakka-kápu Hólavallar - þar var stöðullinn [028] fyrir vestan til 1904 - og svo fyrir sunnan Framtúnshlið [041], torfgarðsins [039] þar, fyrst í mínu minni." Þar sem Botnavegur var er nú malarvegur heim að Keldum úr vestri. Vegurinn hefur legið austur-vestur en engin ummerki hans sjást nú. Vegurinn er teiknaður inn á kort Helgu Skúladóttur.

Vegurinn liggur eftir grónum túnum, fast norðan undir náttúrulegum hól.

Engin ummerki eldri vegar sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SG: Smæsta smátt, 55 eftir handriti Þórs Hjaltalín, 84; HS: Árbók 1937-1939, kort

RA-282:194 heimild smiðja

63°49.303N 20°04.463V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Smiðja önnur hefur verið, yngri, fyrir vestan núverandi bæjarrönd. Hún hefur verið utan húsagarðs [185] - eins og enn er - og vestust húsa þar fyrr og síðar. Hún mun vera gömul en þó stórum yngri en hin [117]; all miklar tóptarleifar. Nánari lýsing hennar: úttekt 84." Ekki er vitað nákvæmlega hvar smiðjan stóð vestan bæinn 001 en líklega hefur hún verið um 30 m vestar. Engar leifar um hana sjást á yfirborði. Um 20 m til suðurs er grasivaxið tún.

Á svæðinu þar sem smiðjan stóð er nú slétt malarplan, fast vestan við timburhúsið.

Engin ummerki smiðjunnar sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SG: Smæsta smátt, 19 eftir handriti ÞH, 16.

Næfurholt

RA-296:003 *Næfurholt* bæjarstæði bústaður

63°58.946N 19°55.043V

"Árið 1846 var bærinn fluttur sökum afleiðinga Heklugossins ári fyrr, frá bæjarstæði fyrri alda (Gamla Næfurholti) austur fyrir Næfurholtslæk og aftur þaðan 1912 á núverandi bæjarstæði," segir í Sunnlenskum byggðum. "Á Gamlatúni heita Tættur, þar sem bærinn stóð frá 1845 til 1912," segir í örnefnalýsingu. Húsið Næfurholt III var byggt 1912 og er enn í notkun. Er það skráð hér þar sem það næstum því aldargamalt. Ekki hafa verið gerðar miklar breytingar frá því bærinn var byggður en þó var lítil viðbygging gerð við norðurgaflinn sem og við austurgaflinn. Við suðurgaflinn hefur svo verið byggð skemma. Voru þessar viðbætur gerðar í kringum 1990.

Íbúðarhúsið stendur við sléttuð plan.

Ekki er um nein bæjarhól að ræða en bærinn stendur á bakka í lítilli hlíð. Bærinn er um 18 x 12 m að stærð, með áfastri skemmu sem er um 13 x 9 m að stærð og snýr norður-suður. Húsið er byggt úr timbri með bárujárnsklæðningu. Glytta sést í hleðslubrot á norð-austur horninu á bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SB V, 64; Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:068 *Áveitudæla* örnefni áveita

63°58.934N 19°55.244V

"... fram af bænum Bali og Flöt og Flatarhóll og Mýrarseila, ennfremur Áveitudæla." segir í örnefnalýsingu. Á miðri heimreiðinni um 160 m vestur af núverandi Næfurholti 003 var Áveitudæla samkvæmt heimildarmanni Ófeigi Ófeigssyni.

Sléttur malavegur.

Engin ummerki um áveitu sjást á veginum en Ófeigur hefur heyrt af henni á þessum stað. Þar sést lítilllega smá dæld í túninu sunnan vegar en enginn ummerki um læk er að sjá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Næfurholt, 1

Selsund

RA-293:003 heimild kálgarður

Samkvæmt túnakorti 1917 var matjurtargarður fast suðaustan við bæ 001.

Sléttað svæði í túni.

Enginn ummerki um matjurtargarð er að finna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

Holtahreppur

Arnkötlustaðir:

RA-367:049 frásögn kvíar

63°51.105N 20°31.946V

Samkvæmt Salvöru Hannesdóttur, heimildamanni, voru kvíar við enda traða 059. Kvíarnar hafa að líkindum verið um 90 m norðan við bæ 001.

Þar sem kvíarnar voru

er nokkuð blautlent við túnjaðar og þýft. Kvíarnar kunna að hafa verið á tiltölulega sléttum bala innan um þúfurnar. Núverandi heimreið er til vesturs.

Ekki voru nein mannvirki þar sem kvíarnar voru í minni heimildamanns. Ekki sést til neinna minja á staðnum og kunna þær að hafa horfið við vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 5

Meiritunga:

RA-410:001 *Moldartunga* bæjarhóll bústaður

63°52.131N 20°30.581V

Tvíbýli var um nokkurt skeið á jörðinni áður en henni var skipt frekar upp undir lok 20. aldar. Vesturbærinn er líklega elsta bæjarstæðið á jörðinni en Austurbærinn 003 er aðeins 15 m austan við Vesturbæinn. Á milli bæjanna liggur Ásvegur (275), malbikaður vegur til suðurs frá Landvegamótum. Nokkuð flatlent er á bæjarstæði Meiri-Tungu og setur Ásvegur mikinn svip á ásýnd bæjarins. Sunnan við Vesturbæinn er gamall kálgarður 040 en í honum er trjálundur í aflíðandi halla til suðurs.

Bæjarhóll Vesturbæjar er um 50 m í þvermál. Hann er 1-3 m á hæð og er hærri til suðurs. Ásvegur liggur yfir austurenda bæjarhólsins og hefur raskað honum lítillega. Vegurinn er þar sem austurendi gamla hússins var en það var timburhús, byggt 1902 en hefur verið rífið. Það var líklega byggt á sama eða svipuðum stað og síðasti torfbærinn. Byggt var við timburhúsið til vesturs og stendur enn steinsteyppt hús á bæjarhólnum sem hefur verið gert upp. Kjallari er undir húsinu. Valtýr Valtýsson, heimildamaður, man eftir skipulagi gamla timburhússins. Það skiptist í kjallara, hæð og ris. Grjóthleðslur í kjallara voru um 1 m á hæð. Í honum var grjóthlaðinn brunnur og köld geymsla. Þvottahús var í kjallara viðbyggingar sem byggð var 1936 úr steini. Á hæð timburhússins var símsstöð í suðausturhorni og inngangur í símsstöðina í norðausturhorni. Annar inngangur var á miðri norðurhlið og þar var gengið inn um bíslag. Önnur rými á hæðinni voru salerni, eldhús, kammers og stofa. Stigi var upp í ris þar sem voru fjögur svefnherbergi. Engin ummerki um brunninn í kjallara timburhússins sjást á yfirborði en hugsanlega glittir í gamalt hleðslugrjót úr kjallaranum í vegkanti. Á suðvestanverðum bæjarhólnum virðist vera eitthvað rask en þar er illa gróin grjótdreif og grjóthrúgur. Líklega hefur raskið orðið í tengslum við frárennsli eða rotþró. Samkvæmt Valtý Valtýssyni, heimildamanni, var torfhlaðið fjós og annar brunnur á bæjarhólnum sem skráð eru með hólnum. Fjósið var á norðvesturhorni bæjarhóls en búið er að slétta

það. Þar sjást enn leifar af steyptum flór sem er um 5x10 m að stærð og snýr norður-suður. Fjósið rúmaði 8-10 kýr. Það hefur líklega verið 10-12 m á lengd og sneri austur-vestur. Gengið var inn í það að austan. A.m.k. tvær stórar báshellur sjást ofan á rotþró í suðvesturhorni, hugsanlega úr eldra fjósi. Fjósið var rífið um 1966. Brunnurinn C var fast norðan við fjósið. Búið er að fylla upp í hann en enn sést grunn dæld sem er um 3x2 m að stærð og um 0,4 m á dýpt. Hún snýr austur-vestur og er grasigróin og þýfð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:002 heimild bænhus

63°52.139N 20°30.593V

Samkvæmt heimildum var bænhus í Meiri-Tungu. Í Holtamannabók I kemur fram að þar var hálfkirkja árið 1605 en ekki er getið heimilda fyrir því. Ekki er vitað hvar bænhus í Meiri-Tungu stóð en líklegt að það hafi verið á bæjarhólnum 001 eða fast við hann.

Á bæjarhól Vesturbæjar er uppgert, steinsteypthús. Sunnan við það er trjálundur í gömlum kálgarði 040 og austan við húsið og bæjarhólinn er malbikaður vegur, Ásvegur.

MEIRITUNGA Í HOLTUM (ÁRBÆJARÞING) (R)

[1332]: prestur fra aa skal syngia j tungu oc taka þar ij merkur; Máld DI II 698.

[1371]: [í Árbæ] gropttur af þessum bæium. ... Vr meiri tungv oc þadan halfur lysitollur. [en heima tíund að því er virðist] prestur fra a skal syngia j Tungv oc taka þar ij. Merkur; Máld DI III 266-267.

1397: [í Árbæ] gropttur af þessum bæium. Vr meiri tungv oc þadann halfur lysitollur [en heima tíund að því er virðist] prestur fra A skal þar syngia j Tungv oc taka þar .ij. Merkuraf ollum þessum bæium sem hier eru nefnder. Skulu menn sækia skriptt oc þionustv oc adrar naudsyniar til þess prestz sem ad A syngur; Máld DI IV 87.

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir: Heyrst hefur hjer hafi bænhus verið, þó löngu fyrir manna minni; JÁM I: 341. Engin ummerki um bænhus sjást á bæjarhól eða næsta nágrenni. Líklegt er að minjarnar séu horfnar vegna rasks og bygginga en ekki er útilokað að eitthvað sé eftir af þeim undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Holtamannabók I, 280; DI II, 698; DI III, 266-267; DI IV 87; JÁM I, 341

RA-410:021 heimild traðir

63°52.148N 20°30.561V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir úr norðri að Austurbæ 003 og Vesturbæ 001 og áfram til suðurs þar til komið var út úr túni.

Traðirnar eru á sama eða svipuðum stað og Ásvegur, malbikaður vegur, liggur nú.

Traðirnar sjást ekki og má ætla að þær hafi horfið vegna vegagerðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:034 Stekkatúnshellir hellir

63°51.956N 20°30.809V

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Í Meiri-Tungu er vitað um a.m.k. 9 hella. Sumir þeirra eru fallnir til grunna. ... Matthías Þórðarson getur um 7 hella og hellaleifar í Meiri-Tungu." Stekkatúnshellir er um 370 m SSV við bæ 001 og um 180 m suðvestan við Lambhúshólshelli 035.

Hellirinn er fast norðvestan við Bæjargil, á milli gilsins og ræktaðs túns. Allt í kring er grasi gróið. Hellismunninn sést vel frá Ásvegi.

Í bókinni Manngerðir hellar segir einnig: "Stekkatúnshellir er lítill gamallegur hellir. Hann er aflangur en hvelvingunni er skipt með steinbrík. Innri hlutinn er styttri og er kallaður Kór. Hvelvingin er regluleg en för eftir graftól sjást víða þó að á nokkrum stöðum hafi flísast stykki úr lofti og veggjum vegna frostsKemmda. Innst, á gaflinum, eru tvær holur en óvíst er um hlutverk þeirra. Á gólfinu hefur hlaðist upp mikið af mold og sauðataði þannig að víða þarf að skriða á fjórum fótum til að komast leiðar sinnar. Annars staðar er hægt að bogra. Skófir eru á veggjum og sveppagróður sem gerir hellinn litskrúðugan á að líta en hvergi eru stafir eða krot. Við hellismunnann vaxa burknar og annar gróður. Fyrir framan hellinn er um 9 m löng veggheðsla, sigin mjög, og liggur skáhallt út frá hægri hlið hellisins. Ekki er vitað um aldur veggjarins en líklega hefur hann verið notaður sem aðhald fyrir innrekstur í hellinn. Ókunnugt er um upphaf og aldur hellisins. Hann hefur ekki verið notaður fyrir búfé í manna minnum að því undanskildu að stundum var hann hafður sem rétt fyrir lömb á haustin." Hellirinn er ekki hruninn og er heillegur. Í botni hans er mold og grjótdreif. Lágt er til lofts í honum, eða 1-1,5 m. Hellismunninn snýr til suðausturs og er hann 4-5 m á breidd og 1,5 m á hæð. Ekki sjást leifar af forskála framan við

hellinn en hleðslur úr móbergi og sandsteini eru á ská fyrir framan munnann. Þær eru signar vegna hruns og ágangs búpenings, eru 0,5-1 m á hæð og um 2 m á breidd. Hleðslurnar mynda rennu sem snýr NNV-SSA frá munnanum niður í Bæjargil. Rennan er 1,5-2 m á breidd að innanmáli og eru hleðslurnar þýfðar og grasigrónar og um 8 m á lengd frá munna að brún Bæjargils. Líklega hafa hleðslurnar auðveldað innrekstur í hellinn. Hlutverk hellisins er óljóst. Ekki er vitað hvort stekkur sem Stekkatúnshellir dregur nafn sitt af hafi verið í hellinum. Engar minjar um stekk eru þekktar í nágrenni hellisins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Manngerðir hellar, 171, 175

RA-410:040 gerði kálgarður 63°52.120N 20°30.588V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast sunnan við Vesturbæ 001. Þar sjást enn leifar af kálgarðsveggjum.

Kálgarðurinn er í halla mót suðri fast vestan við Ásveg sem liggur á milli Austurbæjar 003 og Vesturbæjar 001. Innan garðsins vaxa tré en nýlega hefur verið girt í kringum garðinn og er girðingin ofan á vestur- og suðurveggjum kálgarðsins.

Hlaðnir veggir sjást meðfram suður- og vesturhlíðum kálgarðsins. Líklegt er að austurveggur kálgarðs hafi horfið vegna vegagerðar og að norðurveggurinn hafi horfið vegna rasks við byggingaframkvæmdir. Þeir veggir sem enn sjást afmarka svæði sem er um 20x18 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggirnir eru torfhlaðnir og grónir, engar grjóthleðslur sýnilegar. Þeir eru um 2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Ytri brún er greinilegri en innri brún. Óljós grjótdreif er nyrst í garðinum, um 3 m sunnan við íbúðarhús. Mögulega eru þetta leifar af grjóthleðslu úr kálgarði eða mannvirkjum á bæjarhól.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-410:041 heimild kálgarður 63°52.123N 20°30.620V
Samkvæmt túnakorti var lítill kálgarður fast norðvestan við smiðju 014, fast vestan við kálgarð 040 og fast suðvestan við Vesturbæ 001.

Kálgarðurinn var þar sem nú er sléttuð grasflöt sem hallar lítilega til suðurs og suðvesturs.

Ekki sést til kálgarðsins og er líklegt að sléttað hafi verið úr honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Lýtingsstaðir:

RA-407:001 Lýtingsstaðir bæjarhóll bústaður 63°54.797N 20°27.461V
Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, var gamli bærinn rétt norðan við núverandi íbúðarhús. Þegar hún kom að Lýtingsstöðum árið 1959 voru ennþá leifar af skemmu og bæjarhúsunum norðan hennar. Húsin voru rifin skömmu síðar. Bæjarstæðið er á náttúrulegu holti, á stalli í suðurenda þess. Fast norðan og norðaustan hans hækkar holtið en fer lakkandi til vesturs og suðurs.

Á bæjarstæðinu er slétt malarplan og hús til suðurs og vesturs. Náttúrulegt holt afmarkar austurhlíðina. Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarstæðinu og ekki sést bæjarhóll þar. Íbúðarhús var byggt skammt norðan gamla bæjarins á árunum 1928-1929. Húsið er með kjallara en Sigrún kannaðist ekki við að mannvistarlög hefði komið upp við gerð þess. Slétt malarplan er allt umhverfis það. Norðvestan við bæinn er steinsteypt útihús, m.a. fjárhús. Á milli þessara húsa er malarplan og var gamli bærinn þar. Eins og fyrr sagði voru síðustu húsin rifin skömmu eftir 1959 og sléttað yfir svæðið. Engin upphækkun sést þar né umhverfis húsin frá 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-407:002 tóft+garðlag útihús 63°54.793N 20°27.454V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús með áföstum kálgarði um 2 m suðaustan við bæ 001 og sjást talsverðar leifar þeirra ennþá. Kálgarðurinn var fast sunnan bæ 001. Íbúðarhús, byggt 1928-1929 er innan kálgarðsins norðanverðs.

Fyrir sunnan kálgarðinn er slétt, grasivaxið tún í suðurhlíðum náttúrulegs holts.

Á svæði sem er 34x18 m og snýr norður-suður er tóft, A og garðlag B. Tóftin er norðvestar og var útihús.

Hún er töluvert röskuð vegna bygginga og einungis austurveggurinn greinilegur. Þó má greina af ummerkjum að tóftin hefur verið um 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Íbúðarhúsið er 2 m fyrir vestan tóftina og hefur bygging þess raskað vesturveggnum mikið. Austurveggurinn er 0,5 m á hæð, grasivaxinn og sést glitta í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Ekki er ljós hvar op var á tóftinni enda norður- og suðurveggir horfnir. Inni í tóftinni og á veggjunum er bílajárn, timbur og annað brak. Garðlag B er 34x18 m að stærð, L-laga og snýr norður-suður. Gerðið hefur markað af austurhlið kálgarðs og hluta af þeirri suðurhliðinni. Það er 0,5-1 m á hæð og algróið. Rabarbari sést í suðausturhorni en annars er þar grasivaxið tún og malarplan. Kálgarðurinn náði lengra til vesturs en sá hluti er horfinn. Virgirðing er ofan á garðlaginu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Kambur:

RA-381:003 heimild útihús

63°57.184N 20°31.276V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001.

Þar sem útihúsið stóð er nú (2010) skógarlundur í brekku mót suðvestri. Skammt vestar er afleggjari að íbúðarhúsi sem byggt var 1975.

Engar leifar útihússins sjást á yfirborði og hefur líklega verið sléttað úr því. Mögulega leynast minjar útihússins enn undir sverði og stafar þeim hætta af trjágróðrinum sem vex á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917

Kvíarholt:

RA-383:009 Stekkatún tóft stekkur

63°56.784N 20°26.383V

"Bærinn stendur sunnan í samnefndu holti, Kvíarholti. Vestan í því er stór hóll, sem heitir Stekkatúnshóll. Suðvestan í honum er slétt laut með tóttarbrotum og heitir Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Tóftir eru í Stekkatúni, um 390 m norðan við bæ 001.

Frá Stekkatúni til vesturs er snarbratt niður í blauta mýri. Sléttlendur blettur er í Stekkatúni sem að líkindum hefur verið sleginn.

Á þessum stað er tóft og gryfja á svæði sem er um 20x20 m að stærð. Stekkjartóftin A er tvískipt en hólfin eru ekki samföst og kann að vera að um tvær tóftir sé að ræða. Samtals er tóftin um 7x7 m að stærð. Hólf I er í suðurhluta tóftarinnar og er mun skýrara en hólf II. Það er um 3x4 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Að innanmáli er það 2x1 m. Inngangur er í hólfið á vesturgafli. Um 1 m frá norðausturhorni hólf I er hólf II. Það er um 4x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Að innanmáli er það 2x3 m. Ekki er veggur fyrir suðurhlið hólfins. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Ekki sést í grjót í tóftinni. Um 4 m suðvestan við tóftina er hringlaga gryfja B sem er að líkindum manngerð og kann að hafa verið aðhald eða fjárskýli. Gryfjan er um 10 m í þvermál og vesturbrún hennar virðist vera hlaðin en það er óljóst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kvíarholt, 1

Guttormshagi:

RA-385:006 Guttormshagahjáleiga bæjarstæði býli

63°58.327N 20°25.493V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Guttormshaga hjáleiga hefur heitið þar í túninu, er í fyrstu uppbygð fyrir nokkrum árum og 50 árum, en fyrir 7 árum er hún í eyði orðin. Kynni endilega byggjast ef vildi, en þar við minkaði heyskapur og hagar jarðarinnar, og lenti svo alt í sama

stað." "Guttormshagahjáleiga stóð á hólum sem er á milli bæjarins og nýja fjóssins." Sjá örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar. Samkvæmt Ólafi Þorsteinssyni, heimildamanni var hjáleigan að líkindum þar sem núverandi íbúðarhús á jörðinni stendur eða um 220 m NNA við gamla bæinn 001.

Íbúðarhúsið í Guttormshaga var byggt 1977-78 og steinsteyp á kjallara.

Þegar Ólafur Þorsteinsson gróf fyrir íbúðarhúsinu í Guttormshaga kom hann niður á miklar hleðslur og mannverk og telur hann líklegast að Guttormshagahjáleiga hafi staðið þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 329; IE-Örnefnauppráttur, Guttormshagi

RA-385:020 náma mógrafir

63°58.613N 20°25.370V

Niðurgroftur sem mest líkist grónum mógröfum er tæpum 770 m norðan við bæ 001 og fast vestan við núverandi heimreið.

Mógrafirnar eru alveg grónar og næsta þurrar.

Grafirnar eru um 48 x 31 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Suður- og vesturbakki grafanna eru aflíðandi. Að vestan sést í raun og veru engin skýr brún á gröfunum heldur er aflíðandi, gróin brekka ofan í grafirnar og bakinn er víðar hruninn og gróinn. Dýpt svæðisins er 0,8-1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppráttur, Guttormshagi.

Hagi:

RA-387:016 þúst útihús

63°58.959N 20°26.531V

Heimildamaður, Ingibjörg Þórisdóttir, man eftir hleðslum fast við veginn NNV við heimreið að bænum. Á loftmynd af jörðinni frá um 1970 sjást á þeim stað einhverjar byggingaleifar en óvíst er að þær séu fornleifar. Þarna er nú grasi gróin þúst, um 135 m norðvestan við bæ 001.

Þústin er í túnjaðri fast NNV við Hagabraut og skammt norðan við gamla heimatún Haga.

Ekki sést annað eftir af þessum minjum en þúst sem sker sig úr hvað varðar gróður en dekkra gras vex á henni en umhverfis hana. Hún er um 15x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er um 0,3 m. Líklegt er að þarna hafi verið útihús en ekkert er vitað um nánara hlutverk þess.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Kaldárholt:

RA-390:006 garðlag túngarður

64°00.011N 20°28.763V

Túngarður sem sýndur er á túnakorti frá 1917 stendur enn á köflum suðvestan og sunnan við bæinn 001. Garðurinn liggur í sléttu túni.

Samkvæmt túnakorti var túngarður meðfram suðaustur-, suður- og norðurhliðum túnsins. Þjórsá afmarkaði túnið til norðvesturs og ekki virðist hafa verið garður meðfram þeirri hlið. Túngarðurinn sem sést er meðfram hluta af suðausturhlið gamla heimatúnsins og nýrækt sem er í framhaldi af því túni til suðvesturs. Garðurinn liggur til suðvesturs frá heimreið að bænum, sama stað og traðir 051 voru áður. Meðfram nýræktinni er að auki garðbútur á norðvesturhlið hennar, á bökkum Þjórsár en hann er aðeins um 15 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Aðrir hlutar túngarðsins sem sýndur er á túnakorti hafa verið sléttaðir. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 470x125 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er gróinn, líklega torfhlaðinn. Hann er um 1,2 á hæð og um 1,1 m á breidd þar sem stæðilegastur. Stórt rof er á miðjum garðinum meðfram suðausturhlið túnsins á um 105 m breiðum kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Stúfholt:

RA-393:008 heimild útihús 63°58.989N 20°23.028V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús og sambyggður kálgarður um 30 m SSV við bæ 001.

Útihúsið var í brekku suðvestan við bæinn sem nú er sléttað tún.

Hvorki sjást ummerki um útihúsið né kálgarðinn og hefur verið sléttað úr þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-393:023 heimild beitarhús 63°59.129N 20°23.742V

Samkvæmt örnefnakorti var fjárhústóft nálægt Hagabraut. Tóftin var um 640 m norðvestan við bæ 001.

Líklegt er að þetta hafi verið beitarhús vegna þess hversu langt frá bæ tóftin var.

Tóftin var að líkindum þar sem Hagabraut liggur til austurs, niður brekku, norðan við skógræktarreit.

Ekki sást til minja um fjárhústóftina og er líklegt að henni hafi verið raskað við vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: IE-Örnefnaupdráttur, Stúfholt.

RA-393:033 garðlag áveita 63°59.048N 20°21.701V

Lítið garðbrot er um 1,1 km austan við Stúfholt 001, í framræstri mýri fast austan við þjóðveg 2876 heim að Læk RA-392.

Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói og mýri.

Garðlagið er torfhlaðið, um 190 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Það snýr VSV-ANA og er nokkuð rofið vegna hrossabeitar. Í báða enda hverfur garðlagið í móa vegna rasks. Að austanverðu við ræsissskurð og vestanverðu við malarveginn að Læk. Miðað er við staðsetningu er líklegast að að garðurinn hafi verið áveitugarður.

Hættumat: engin hætta

Lækur:

RA-392:001 Lækur bæjarhóll bústaður 63°59.470N 20°20.454V

Bærinn á Læk er skammt vestur af Þjórsá, undir háu felli sem nefnist Stóri Bjalli og skýlir honum fyrir norðanáttinni.

Miklar breytingar hafa orðið á bæjahólnum en vestan og norðvestan við hann er mikið af útihúsabyggingum. Sunnan við hann er grasflöt og lítið íbúðarhús auk nokkurra smáhýsa.

Á bæjarhólnum stendur hús sem búið er að gera upp en var byggt um 1958. Það var byggt eftir að timburhús á sama stað brann og hús úr torfi og grjóti rifin sem voru sambyggð timburhúsinu. Kjallari var undir timburhúsinu og er einnig á því húsi sem nú stendur. Á mynd af bænum sem tekin var árið 1939 eða 1940 sést bæjarröðin. Samkvæmt Ólafi Sigfússyni, heimildamanni, sneri hún suðaustur-norðvestur. Í suðausturenda var baðstofa, þá smiðja og hlóðaeldhús. Gengið var inn í bæinn í gegnum smiðju. Við hliðina á hlóðaeldhúsinu var líklega hesthús, þá hlaða, fjós og kálfafjós. Alls voru 7 burstir á bænum. Hlaðan, fjósið og kálfafjósið voru rifin þegar nýtt fjós var byggt árið 1952. Gengið var inn í hlöðuna úr fjósi. Hlaðan var endurnýtt sem fjárhús utan túns þegar hún var rifin úr bæjarröðinni. Lystigarður er nú umhverfis húsið. Ekki sést skýr bæjarhóll en íbúðarhúsið stendur aðeins hærra en önnur hús og eru hlaðnir kantar meðfram vesturhluta garðsins og á milli útihúsa og íbúðarhúss. Þetta eru ekki gamlar hleðslur en þær gefa til kynna hæð hólsins, um 1 m. Erfitt er að áætla mörk hans. Framan við húsið til suðvesturs er mikil gróf sem gerð hefur verið og í henni er leiksvæði barna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-392:016 heimild kálgarður 63°59.464N 20°20.447V

Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast suðvestan við bæ 001.

Kálgarðurinn er innan skrudgarðs suðvestan við núverandi íbúðarhús.

Ekki sést til minja um kálgarðinn en samkvæmt heimildamanni, Ólafi Sigfússyni, var torfhlaðið gerði

umhverfis hann. Líklega hefur kálgarðurinn horfið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Þverlækur:

RA-394:007 *Stöðull* frásögn kvíar 63°57.653N 20°23.376V
"Norðan til við túnið er Stöðull," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti og Guðna Guðmundssyni, heimildamanni, var stöðull á milli vegar að bæ 001 og nýlegs íbúðarhúss Guðna, um 120 m norðaustan við bæ 001. Guðni greindi frá því að fleiri mannvirki hefðu verið við Stöðul sem þó voru ekki byggð nógu snemma til að flokkast til fornleifa og voru rifin árið 1956. Þetta voru fjárrétt, hesthús fyrir 3 hross og svo var byggt við það hús fyrir veturgamla sauði. Einnig var þarna hænsnakofi. Trjágróður og heimreið að húsi Guðna er þar sem stöðullinn var. Ekki sést til minja um kvíar eða önnur mannvirki á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þverlækur, 1

Skammbeinsstaðir:

RA-395:003 heimild útihús 63°57.278N 20°21.628V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m VSV við bæ 001. Útihúsið var í sléttri kinn í vesturjaðri túnsins. Henni hallar til austurs og suðurs. Trjárækt er til suðausturs og vesturs en túnið er nýtt til beitar. Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið sléttað. Mögulega eru leifar af því enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:009 heimild útihús 63°57.368N 20°21.298V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 160 m ANA við bæ 001 og 10 m vestan við útihús 010. Útihúsið var innan afmarkaðs túns merktu vesturbænum. Líklega var það rífið. Þar sem útihúsið var er vikur- og malarborinn vegslóði að hesthúsi við sumarbústað Auðar Karlsdóttur, heimildamanns. Til suðurs og norðurs eru sléttir og grasivaxnir túnblettir. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-395:010 heimild útihús 63°57.371N 20°21.286V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 170 m ANA við bæ 001 og 10 m austan við útihús 009. Útihúsið var innan afmarkaðs túns merktu vesturbænum. Líklega var það rífið. Þar sem útihúsið var er vikur- og malarborinn vegslóði að hesthúsi við sumarbústað Auðar Karlsdóttur, heimildamanns. Til suðurs og norðurs eru sléttir og grasivaxnir túnblettir. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Pula:

RA-397:003 *Litla-Pula* bæjarhóll bústaður 63°55.687N 20°22.633V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Í útnorður hjer frá svo sem þriðjung úr bæjarleið liggur eyðipláts kallað Litla-Pula. Það hefur frá elstu tíð að menn til vita óbyggt land verið, og

brúkaðist til beitar leyfislaust og tolllaust frá Köldukinn (RA-398), Mykjunesi [RA-396] og Hallstúni [RA-404] (Marteinstúngu hjáleigu) inn til þess fyrir 50 árum eður þar um, þá eignaðist Sr. Þorleifur sál. Jónsson í Odda þessa Litlu-Pulu Oddakirkju, og bygði þar bæ og setti þar á landseta. Varaði þessi bygð í 40 ár eður þar um og er nú fyrir 7 eða 8 árum í eyði lagt. Kynni aftur að byggjast jarðarinnar vegna, ef leiguliði til fengist. Þó sæi umliggjandi jarðar ábúendur helst að það aldrei bygðist, með því þess bygð að þeim þrengir, en þeir beita nú landið eins og í gamla daga." "Býlið Pula sem nú er byggðist um 1660 af séra Þorleifi Jónssyni í Odda. [...] Sú Pula sem nú er í byggð nefndist Litla Pula 1708 [...]," segir í Sunnlenskum byggðum V. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1917. Pula er rúma 900 m suðaustan við Gömlu-Pulu 001. Jörðin er í eyði frá árinu 2010 og er til sölu. Að sögn Katrínar Samúelsdóttur, heimildamanns, var íbúðarhús byggt vestan við bæjarhólinn á árunum 1960-61.

Á bæjarhólnum eru mörk vikurborins bæjarhlaðs til norðurs og grasivaxins túns til suðurs. Bæjarhlaðið er slétt og hvergi mótur fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum.

Greinilegt er að rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum og lítið sést til uppsafnaðra mannvistarlaga. Búið er að slétta yfir hólinn, íbúðarhús byggt í vesturhluta hans og tún gerð til suðurs. Einungis má greina hluta af norðurhlið bæjarhólsins. Þar sést 15 m löng, aflíðandi brún. Hún er 0,2 m á hæð og grasivaxin. Til suðurs er slétt tún og þegar skrásetjarar voru á ferð í ágúst 2011 var þar mittishátt gras. Bæjarhóllinn var milli 15-20 m að lengd og a.m.k. 10 m breiður miðað við túnakortið frá 1917. Kálgarður var sambyggður bæjarhúsunum til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 263; JÁM I, 319; Túnakort 1917

RA-397:014 heimild kálgarður

63°55.681N 20°22.608V

Kálgarður er sýndur 2 m sunnan við bæ 003 og 20 m suðaustan við útihús 004 á túnakorti frá 1917. Kálgarðurinn var á norðurbakka svokallaðrar Heimadælu. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin, líklega vegna túnasléttunar.

Slétt, grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var áður.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Marteinstunga:

RA-401:001 Marteinstunga bæjarhóll bústaður

63°55.042N 20°24.102V

Bærinn í Marteinstungu stendur allhátt á holti. Austan við bæinn rennur Steinslækur. Kirkjan 002 er fast norðvestan við bæjarröðina. Vegur liggur að bænum og eftir hlaðinu til norðvesturs að kirkju og áfram að safnaðarheimili. Tvíbýli var á bænum samkvæmt heimildamanni, Gunnari Guttormssyni, en það fyrirkomulag hætti um aldamótin 1900. Samkvæmt Sunnlenskum byggðum V var lengi þingstaður á jörðinni og var gamla þinghúsið sambyggt íbúðarhúsi vesturbæjarins. Þinghúsið og bæjarhúsin sjást mynd frá 1945 á bls. 268 í Holtamannabók I. Þingstaðurinn er skráður með bæjarhólnum. Í Sögu sveitarstjórnar á Íslandi kemur fram að þingstaðurinn var fluttur frá Þjóðólshaga (sjá RA-409:011) að Marteinstungu þegar Holtamannahreppi var skipt upp í tvo hreppa árið 1892; Holtamannahrepp og Ásahrepp. Að sögn heimildamanns, Gunnars Guttormssonar, var einnig fjós aftan við bæ, norðvestan við hann. Það er líka skráð með bæjarhólnum.

Fast vestan við bæinn eru 20. aldar útihús, fjós og hlaða. Bílaplan er á milli bæjar og útihúss. Framan við bæ til suðausturs er afgirtur trjágarður og í honum er lítill sumarbústaður.

Bæjarröðin snýr suðvestur-norðaustur. Hún er um 29 m á lengd og 13 m á breidd. Að mestu eru hús með steiptum grunni og úr bárujárn í bæjarröðinni en í norðausturenda eru enn hleðslur og þar hefur svokölluð Skemma verið gerð upp. Í henni var austurbærinn áður. Baðstofan var þar sem Skemman var síðar og hlóðældhús var aftan við hana til norðvesturs sem sést ekki lengur. Ekki sést eiginlegur bæjarhóll en uppsöfnun jarðvegs/mannvistarleifa er að húsabaki og er samtals 13 m á breidd þar sem er breiðast. Kjallari er a.m.k. undir miðhúsinu í bæjarröðinni sem er þá þrílyft. Þinghúsið var suðvestast í bæjarröðinni og er nú hluti af íbúðarhúsinu. Suðvestan við afgirtan garð, um 25 m suðvestan við bæjarröðina, er aflíðandi brekka sem markar ef til vill jaðar bæjarhóls. Annarsstaðar sjást ekki skil á milli holtsins og bæjarhóls. Í hleðslum sjást 13 umför en taka ber fram að grjótið er þunnt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 257; Holtamannabók I, 268; Saga sveitarstjórnar á Íslandi II, 47

RA-401:032 heimild rétt

63°55.051N 20°24.141V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var gerði, lítill kálgarður eða rétt, um 40 m norðvestan við bæ 001 og 5-10 m VSV við hesthús 003. Líklega er að mannvirkið hafi verið rétt frekar en kálgarður þar sem þetta var fremur lítið og það er nálægt hesthúsinu og tröðum 033 til VNV.

Gerðið var ANA við steipt fjós og hlöðu sem nú er í notkun. Rask er umhverfis þá byggingu og á stæði fyrir vinnuvélar og annan vélbúnað.

Ekki sést til minja um gerðið og hefur líklega verið sléttað úr því eða það rífið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-401:033 heimild traðir

63°55.054N 20°24.155V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu mjóar traðir frá bæ 001 til VNV úr túninu. Farið var um þessar traðir að Götu og hafa kirkjuleiðir frá mörgum bæjum líklega endað í þessum tröðum.

Þar sem traðirnar voru eru steinsteipt útihús.

Ekki sést til minja um traðirnar og ekki vitað hvort þær voru upphlaðnar eða niðurgrafnar. Þær hafa líklega horfið vegna bygginga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Bjálmholt:

RA-402:001 *Bjálmholt* bæjarhóll bústaður

63°54.610N 20°23.975V

Bjálmholt er sunnan undir hæð eða holti sem kallast Bjálmholtshjalli og er sýndur á túnakorti frá 1917. Gamli bærinn var fast austan við núverandi íbúðarhús sem var byggt 1930. Bærinn var rífinn árið 1931 eða 1932 en síðustu útihúsin voru rífin árið 2001. Ennþá má sjá móta fyrir bæjarhól og lítið rask hefur átt sér stað á honum. Íbúðarhúsið sem byggt var 1930 er með kjallara en það virðist ekki ná inn á bæjarhólinn og hefur því ekki raskað honum. Sunnan við bæ 001 er kálgarður 008.

Bæjarhóllinn er í sléttu, grasivöxnu túni. Núverandi heimreið er sunnan við hólinn sem og kálgarð 008. Bæjarhóllinn er 40 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Austast í bæjarhólnum voru steinsteipt útihús byggð á 20. öld en fast vestan við hann er fyrnefnt íbúðarhús. Á milli gamla bæjarins og íbúðarhússins voru einungis nokkrir metrar. Bæjarhóllinn er sléttur, grasivaxinn og 0,8-1,2 m á hæð. Hlíðar hans eru aflíðandi og greinilegt að sléttað hefur verið yfir svæðið. Stafnar gamla bæjarins snéru til suðausturs, mót kálgarði 008.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Rauðilækur neðri:

RA-411:044 heimild traðir

63°51.386N 20°28.665V

Traðir eru sýndar að bæ 001 úr norðri á túnakorti frá 1917. Þar sem traðirnar voru er malarvegur heim að núverandi íbúðarhúsi og þær horfnar. Ekki er vitað hvort þær voru upphlaðnar eða veggir meðfram þeim. Það er þó líklegt því enginn munur er á því hvernig traðir 042 og þessar traðir eru teiknaðar á túnakortið og traðir 042 eru upphlaðnar.

Slétt, grasivaxið tún er beggja vegna við malarveginn.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Rauðilækur efri:

RA-413:009 heimild beitarhús

63°51.521N 20°26.531V

"Miðmundarholt. Suður af Litlaholti og Sundi, skagar til vestnorðvesturs frá Heiðinni, sunnan við Suðurlandsveg. Á vesturenda þess sauðahús," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin voru 200 m vestan við Borgarríma 006 og rúma 500 m suðvestan við bæ 001. Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, heimildamanns, eru beitarhúsin horfin. Braggi var byggður í tóftina og öll ummerki hennar hurfu við þá framkvæmd. Fast suðaustan við braggann er nýlegt hesthús sem tilheyrir nýbýlinu Feti sem er á miðju Miðmundarholti. Líklegt er að braki úr beitarhúsunum hafi verið ýtt til austurs, niður af Miðmundarholti. Þar sést mikið af hleðslugrjóti og timburleifum.

Undirstöður braggans eru steinsteypar og hann byggður inn í holtið til norðurs og suðurs. Umhverfis braggann er hestagerði og hann nýttur sem hesthús.

Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Rauðalækur, 4

Litla Tunga:

RA-414:016 heimild kálgarður

63°52.333N 20°24.958V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðaustan og suðvestan við bæinn 001. Vilhjálmur Þórarinnsson, heimildamaður, man eftir kálgarði á þessum slóðum en búið er að slétta úr honum. Slétt malarplan er þar sem kálgarðurinn var áður.

Ekki sést til minja um kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Djúpárhreppur

Sandhólaferja:

RA-357:001 Sandhólaferja bæjarhóll bústaður

63°49.650N 20°40.486V

Tvö íbúðarhús eru á Sandhólaferju og stendur það vestara sem byggt var árið 1973, á gamla bæjarstæðinu. Þar á undan stóð þar timburhús byggt á tímabilinu 1904-1962 sem brann árið 1973.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Erfitt er að meta stærð bæjarhólsins þar sem hann er fremur flatur. Trjárækt er á og við bæjarhólinn sem eykur talsvert hættu á skem[m]dum á fornleifum sem þar gætu leynst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:002 heimild útihús

63°49.650N 20°40.486V

Á túnakorti frá 1920 er þetta útihús sýnt um 5 m vestur af SV- horni bæjarins. Fær það sömu hnit og bæjarhólinn sökum nálægðar við hann.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:003 heimild útihús

63°49.644N 20°40.534V

Samkvæmt túnakorti var útihús þar sem nú er rabbarbaragarður, rétt vestan þjóðvegar.
Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

Háfshjáleiga:

RA-353:001 Háfshjáleiga bæjarhóll bústaður

63°46.983N 20°42.002V

Núverandi íbúðarhús stendur fast austan við gamla bæjarstæðið.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Varla er hægt að tala um bæjarhól því bæjarstæðið er flatt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

Borgartún:

RA-335:001 Borgartún bæjarhóll bústaður

63°45.349N 20°37.601V

"Þar hefur ei byggð verið undir 20 ár og er öll bygging foreydd." segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1709.

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328], næst er Oddspartur, Ögmundarpartur, þá Skarð og Borgartún (tvíbýli)." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús í Borgartúni I stendur á gamla bæjarhólum. Það er einlyft steinhús.

Nokkuð hár hóll í túni.

Ekki sést til fornleifa. Erfitt er að átta sig á því hvar hin náttúrulega hæð endar og bæjarhóllinn byrjar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 2

Hábær:

RA-318:017 Einkofi bæjarstæði bústaður

63°44.864N 020°36.763V

"Einkofi (tómthúsbýli). Þess er getið í kirkjubókum 1810-1818 og í manntali 1816. Fá ár mun það hafa verið í byggð að því sinni, eða heitið því nafni. Mestar líkur eru taldar til, að það hafi staðið um 30 m suður frá prestssetrinu Kirkjuhvoli. Þar voru gömul tóttarbröt, sem sléttað hefir verið yfir nú fyrir skemmstu, og segja gamlir menn, að þar hafi verið nefnt Árnagerði á uppvaxtarárum sínum." - "Árnagerði var sameinað Rimakoti." Á þessum stað stendur nú hús sem nefnist Gerði.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85, 87

Oddspartur:

RA-336:001 Oddspartur bæjarhóll bústaður

63°44.942N 20°37.034V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328], næst er Oddspartur, Ögmundarpartur, þá Skarð og Borgartún (tvíbýli)." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús á Oddsparti stendur um 5 m SA við gamla bæjarstæðið. Fast ANA við gamla bæjarstæðið er bárujárnsklædd steinsteypt hlaða. ANA við hana voru hesthús og fjárhús úr

torfi sem voru sambyggð. Eru þau nú horfin. Þá var fjós NV við gamla bæinn. Í kringum gamla bæjarstæðið er nú runnagróður. Þegar verið var að gróðursetja hann var komið niður á hleðslur NV við bæjarstæðið.

Í túni.

Ekki sést til

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 2

Brekka:

RA-349:001 *Brekka* bæjarhóll bústaður

63°44.785N 20°36.735V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot." segir í örnefnalýsingu.

Núverandi íbúðarhús, byggt árið 1957 stendur á gamla bæjarstæðinu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Húsið sem er tvílyft, er byggt sunnanvert inn í mikinn hól. Ekki er hægt að átta sig á því hvað er hinn eiginlegi bæjarhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2

Hávarðarkot:

RA-350:001 *Hávarðarkot* bæjarhóll bústaður

63°44.798N 20°36.808V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það ..." segir í örnefnalýsingu. "Péturskot. Í kirkjubókum Háfssóknar er þessa kots getið 1808-1818, en þó ekki í manntali 1816. Gamli menn í Þykkvabæ segja, að maður, er Hávarður hét, muni hafa endurbyggt býli þetta og þá breytt nafni þess og nefnt það Hávarðarkot, sem það hefir heitið síðan. Það nafn finnst þó ekki skráð fyrr en um 1825." Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu. Er það byggt árið 1930.

Í túni

Flatir hóll sem er í lægra lagi. Er hann um 21x16 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2; Árni Óla: Þúsund ára sveitaborp, 86

Unuhóll:

RA-320:001 *Unhóll* bæjarhóll bústaður

63°43.990N 20°34.787V

"Austast að norðan er Unhóll ..." segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls er býlið nefnt Auðnhóll og er sagt vera 5 hdr. að stærð árið 1709. Kristján Pálmarsson, sem er fæddur í Unhól, segir að íbúðarhús hafi verið byggt á gamla bæjarstæðinu árið 1927. Telur hann nær öruggt að um gamla bæjarstæðið sé að ræða því heimilisfólkið hafi þurft að hafa stóð í útihúsum á meðan á byggingu hússins stóð. Húsið frá 1927 er nú horfið, en það stóð um 20 m norður af íbúðarhúsinu í Unhól II. Fjárhús og hlaða standa fast norðan við bæjarstæðið, en á því sjálfu er nú slétt grasflöt.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1; JÁM I, 377

Háirimi (Háfi Rimi):

RA-323:001 *Háfi Rimi* bæjarhóll bústaður

63°44.296N 20°35.527V

"Suður við Gljana er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvíbýli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn. Tjarnarkot er nú í eyði og liggur undir Vatnskot. Norðaustur af því Tobbakot. Næsta jörð er Háirimi, og í hann hafa fallið tvö gömul býli, Harðhaus og Þórutótt." segir í örnefnalýsingu. Gamla bæjarstæðið í Háarima er um 50 m austur frá vestara íbúðarhúsinu (Hái Rimi III) og um 70 m norður af því eystra. Þar örfáum metrum norðar, eru fjárhús og hlaða.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Á þessum stað er ekki hægt að tala um hól þó þar sé blettur sem er örlítið hærri en túnið umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-323:003 heimild hesthús

63°44.234N 20°35.538V

Hesthús var um 60 m suðvestur af íbúðarhúsinu í Háarima III. Þar er nú kartöflugarður og stóð hesthúsið nálægt norðvestur-horni hans. Talsvert kom upp af hleðslugrjóti er kartöflugarðurinn var gerður.

Kartöflugarður sem áður var innan túns.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

Rimakot:

RA-324:001 *Stóra-Rimakot* bæjarhóll bústaður

63°44.355N 20°35.806V

"Næst [eftir RA-343] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð þar sem nú standa útihús frá Stórarimakoti, fast vestan við þjóðveginn.

Í túni. Malarplan er í kringum útihúsið.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

Rafntóftir:

RA-420:001 *Rafntóftir* bæjarhóll bústaður

63°48.060N 20°26.334V

"Nokkrum mílum fyrir austan Sandhólaferju eru Hrafntóftir við Ytri-Rangá. ... Þar dvaldist Ketill hængur fyrsta vetur eftir komu sína til Íslands. Fékk staðurinn nafn eftir Hrafni syni Ketils, síðar lögsögumanni, er fæddist þar.

Foss er í Rangá ofan við Hrafntóftir. Er sagt að þar sé járnhringur í klettinum, þar sem Ketill hafi bundið skipt sitt ..." segir Kristian Kaalund í sögustaðalýsingu sinni. Fjós og hlaða standa nú á gamla bæjarstæðinu. Var grafið talsvert djúpt niður er hlaðan var byggð.

Í túni

Ekki sést til fornleifa. Til eru myndir af gamla bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1920, KK I, 155

RA-420:017 *Fornufjós* heimild fjós

63°48.058N 20°26.427V

"Hólbunga liggur þar suður af [RA-421], og er það gamalt fjósstæði, kallað Fornufjós." segir í örnefnalýsingu.

Hólbunga þessi var um 50 m norðvestur af bænum. Liggur þjóðvegurinn nú á þessum stað og var hólnum ýtt niður þegar hann var gerður.

Í túni, undir þjóðvegi

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 4

RA-420:018 *Hólagarður* gerði kálgarður

63°48.058N 20°26.427V

"Hólbunga liggur þar suður af [RA-421], og er það gamalt fjósstæði, kallað Fornufjós. Seinna var þarna kálgarður, sem kallaður var Hólagarður." segir í örnefnalýsingu. Hólbunga þessi var um 50 m norðvestur af bænum. Liggur þjóðvegurinn nú á þessum stað og var hólnum ýtt niður þegar hann var gerður. Ekki

er vitað hvort kálgarðurinn var

á fjósstæðinu eða aðeins nálægt því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 4

Bjóla:

RA-422:001 *Bjóla* bæjarhóll bústaður

63°48.061N 20°26.945V

Tvö íbúðarhús standa nú á bæjarhólnum. Var það vestara byggt árið 1907 en það austara árið 1954.

Auk þeirra er þar skemma, upphaflega byggð sem fjós. Handgráfnir kjallarar eru undir báðum

íbúðarhúsunum. Einnig stóð hlaða sunnan við skemmuna/fjósið, sem nú er horfin. Norður af

íbúðarhúsunum var einnig heygarður. Til stendur að rífa vestara íbúðarhúsið.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Bæjarhóll er allstór, um 60x70 m að stærð. Það skal tekið fram að erfitt er að átta sig á mörkum hinnar náttúrulegu hæðar sem bærinn stendur á og hins eiginlega bæjarhóls. Þó má giska á að bæjarhóllinn sé um 1,5-2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

Ægissíða:

RA-419:001 *Ægissíða* bæjarhóll bústaður

63°50.201N 20°24.739V

Íbúðarhúsið á Ægissíðu VI sem byggt var árið 1993 stendur á gamla bæjarstæðinu. Gamli bærinn var rifinn árið 1986.

Á hæð í túni.

Bæjarstæðið er fremur flatt svo ekki er hægt að tala um bæjarhól í þessu tilviki. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna Ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-419:002 heimild smiðja

66°50.182N 20°24.767V

Sambyggð gamla bænum að vestan voru smiðja, skemma, fjós og hesthús. Á þessum stað stendur nú íbúðarhúsið á Ægissíðu II sem byggt var árið 1967. "Að sögn Einars Ólafssonar var komið niður á forna rúst þegar nýja íbúðarhúsið á Ægissíðu var byggt. Hún var með skálalagi og langeldi. Þessa byggingu vildu menn tengja hellinum [029] því inngangur í hann var úr skálagólfinu."

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna Ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Manngerðir hellar, 154

RA-419:009 tóftir hesthús/rétt

63°50.258N 20°24.758V

Hesthústóft er um 200 m norður af bæjarhólnum. Sambyggð henni að vestanverðu er hringlaga rétt.

Í túni.

Tóft hesthússins er talsvert mikil og mjög áberandi, enda mun ekki vera langt síðan húsið var rífið. Er það um 20x12 m á stærð og er hleðsluhæðin um 1,6 m. Er tóftin tvískipt og er austari hlutinn dýpri og hefur þar líklega verið hlaða. Þrennar dyr eru á tóftinni. Tvær eru á útveggjum, þ.e. vestast á norðurvegg og vestast á suðurvegg. Þriðju dyrnar eru á milli hinna tveggja hólfa tóftarinnar. Steyptur garði er frá þeim dyrum eftir miðju hesthúsinu, um 7 m langur og um 1 m á breidd. Réttin sem er úr torfi og grjóti eins og hesthúsið, er hringlaga og um 10 m í þvermál, en auk þess liggur um 2 m langur gangur úr torfi og grjóti meðfram vesturvegg hesthússins og að réttinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 1-2

RA-419:029 Búrhellir hellir

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Búrhellir er undir íbúðarhúsinu að Ægissíðu II og er innangengt í hann úr kjallara hússins.

Í túni.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur voru notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir." "Búrhellir (Stéttahellir). Vorið 1899 gróf Jón Guðmundsson á Ægissíðu upp gamlan helli, sem þar var við bæinn og að nokkru leyti undir honum. Brynjúlfur frá Minna-Núpi skrifaði um hann smáklausu í Árbók Fornleifafélagsins árið 1900. Þar nefnir hann að hellirinn hafi lengi staðið ónotaður en hafi augsýnilega verið búr fyrrum. Það sýndu m.a. nokkrar allvíðar holur eftir matarkeröld. Uppi yfir þeim voru skot út í bergið en hleinar gengu fram milli þeirra. Inni í þær voru djúpar holur sem Brynjúlfur gat sér til um að væru eftir oka undir búrhillum. Jón notaði hellinn fyrir heyllöðu fyrst í stað. Síðar var hann hafður undir eldsneyti, tað o.fl. en nú er hann á ný í sínu forna hlutverki sem búr. Á dögum Jóns Guðmundssonar var smiðja yfir hellinum og var inngangurinn í hann sjá smiðjudyrnum áður en Jón hreinsaði hann út. Hann færði innganginn og lagði hann upp í smiðjuna. Innst, þar sem hellirinn hafði hrúnið saman, hlóð Jón vegg og útbjó innfall. Þar virðist hafa verið forn uppgangur. Hellirinn er að nokkru undir íbúðarhúsi Einars Ólafssonar Ægissíðu II, sem byggt var 1966. Hann var strax tengdur húsinu og er innangengt í hann úr kjallaranum um innganginn sem áður lá upp í smiðjuna. Matthías Þórðarson lýsir hellinum allnáð og teiknaði upp grunn hans og langsníð. Á teikningu hans sjást holur eða för eftir 7 keröld í hellisgólfinu, 4 meðfram suðurvegg, eða vinstra vegg, eitt stendur að hálfu út undir hleðslunni við hellisgaflinn að norðan og tvær grynri holur þar utar með veggnum. Að auki var nýleg ferhyrnd gryfja í skoti utarlega við suðurvegginn. Mál keraldsfaranna við suðurvegginn voru eftirfarandi: Ysta farið var 95-100 cm í þvermál, næsta far 1,5-1,65 m í þvermál og 75 cm djúpt og það næst innsta var 13-1,4 m í þvermál og 60 cm djúpt. Lengd hellisins var 15 m. Tveir strompar voru á hellinum, annar innarlega, allvíður, um 70 cm í þvermál neðst, hinn lítill, utar. Eins og sjá má af teikningunum hafa orðið allmiklar breytingar á hellinum á þeim 60 árum sem liðin eru síðan Matthías kom í hann. Í fyrsta lagi hefur innganginn verið breytt þannig að steyptur stigi og stigagangur ligja upp í kjallara íbúðarhússins. Hann hefur einnig verið stytur í báða enda og hlaðslan fyrri gafl færð rúma 2 m inn. Innfallið er því horfið og þrjú keraldsför. Skilin milli keraldsfaranna þriggja sem eftir eru við suðurvegginn eru að mestu horfin og þau orðin að samfalldri laut í gólfinu. Ferhyrnda gryfjan í skotinu er orðin kringlótt og hefur dýpkað en ný ferhyrnd gryfja hefur verið gerð þar rétt utar. Hellirinn er fremur óreglulega lagaður, framparturinn er þrengri og lægri en innsti hlutinn og þar er einnig töluverður halli á gólfinu. Lengd hellisins er nú 11 m og breiddin 2,5 m yst en um 3 m innar. Egnin veggjaskrift er í hellinum. Að sögn Einars Ólafssonar var komið niður á forna rúst þegar nýja íbúðarhúsi á Ægissíðu var byggt. Hún var með skálalagi og langeldi. Þessa byggingu vildu menn tengja hellinum því inngangur í hann var úr skálagólfinu." Hellirinn nefndur Stéttahellir í örn. Munir hafa fundist í hellinum sem nú eru á Þjms.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 151-154



4. Niðurstöður

Alls eru 116 staðir sem verða fyrir áhrifum vegna lagningar ljósleiðara í Rangárþingi ytra. Flestum þeirra hefur verið raskað áður og eru horfnir af yfirborði, búið að byggja þar eða leggja vegi svo einhver dæmi séu tekin. Fleiri staðir lenda innan áhrifasvæðis þessarar framkvæmdar en hægt var að komast hjá raski á þeim með tilfærslu á legu ljósleiðarans á hönnunarstigi. Þeir staðir eru í töflum í viðauka I hér aftar.

Flestar þær minjar sem verða fyrir raski eru bæjarhólar, aðrar minjar á þeim eða í næsta nágrenni. Í þeim tilvikum er gjarnan um kálgarða eða útihús að ræða. Ekki var farið yfir óraskað land í þessum hreppum. Hluti ljósleiðarans hafði verið lagður áður, samhliða raflögnum frá RARIK og öll óröskuð svæði höfðu lent með þeirri vinnu. Ekki er ljóst hver aðkoma fornleifafræðings var að þeirri vinnu. Ekki er talin þörf á frekari rannsóknum eða aðgerðum að hálfu fornleifafræðinga að svokomnu.

Lega ljósleiðarans var nánast fullunnin áður en fornleifafræðingur kom að verkinu. Til þess að fækka minjastöðunum var farið í sameiningu yfir alla legu ljósleiðarans og leiðin færð til eftir því sem hægt var. Ljósleiðarinn var innan fyrirfram ákveðins áhrifasvæðis nema á tveimur jörðum, þar varð töluverð tilfærsla. Þetta er á bæjunum Skarði og Hjallanesi í Landssveit. Í Viðauka II eru öll minjakort jarðanna, áður en vinna þessa verkefnis hófst.

Viðauki I:

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um alla minjastaði sem lentu innan áhrifasvæðis ljósleiðarans, áður en skoðun á minjum og breytingar á legu hans áttu sér stað. Þær minjar sem eru auðkenndar með gulu eru innan áhrifasvæðisins og ekki var unnt að forða raski.

Landsveit:

Kort2	
RA-468 Galtalækur	Athugasemdir (lega og tilfærsla)
468029 stöðull	
468030 túngarður	Lína færð, í lagi
Kort3&4	
RA-466 Leirubakki	Athugasemdir
466003	Lína færð, í lagi
466008	Lína færð, í lagi
466015	Lína færð, í lagi
466047	Í lagi
466048	Raskað RARIK
466049	Raskað RARIK
Kort5	
RA-463 Stóri-Klofi	Athugasemdir
463046U	Raskað RARIK
Kort6	
RA-434 Skarð	Athugasemdir
434003 bæjarstæði	
434003B	Utan svæðis
434004 kirkjugarður	Utan svæðis
434005 útihús	
434020	Utan svæðis
434020B	Utan svæðis
434026	Utan svæðis
434059	Raskað RARIK
434085	Utan svæðis
434085G	Utan svæðis
434085H	Utan svæðis
434085I	Utan svæðis
434085Q	Raskað RARIK
434111	Utan svæðis
434076	
434006	

434009	
434011	
Kort7	
RA-437 Fellsmúli	Athugasemdir
437014 kálgarður	
437006	Raskað RARIK
437028	Lína færð, í lagi
Kort8	
RA-440 Hellar	Athugasemdir
440001 bæjarhóll	
Kort8	
RA-442 Múli (Látalæti)	Athugasemdir
442017 náttthagi/túngarður	Sleppur
442018 náttthagi/túngarður	Sleppur
442019 náttthagi/túngarður	Sleppur
442008 túngarður	Farið í gegnum nýlegt rask
Kort9	
RA-439 Hvammur	Athugasemdir
439001	Utan svæðis
439002	Utan svæðis
439017	Utan svæðis
439038	Utan svæðis
439041	Utan svæðis
Kort10	
RA-443 Minnivellir	Athugasemdir
443005	Raskað RARIK
443016	Raskað RARIK
443031	Raskað RARIK
443019A	Raskað RARIK
443019B	Raskað RARIK
443029B	Raskað RARIK
Kort11	
RA-444 Vindás	Athugasemdir
444001	Raskað RARIK
444037	Raskað RARIK
Kort12	
RA-445 Flagbjarnarholt efra	Athugasemdir
445003	Raskað RARIK
445020	Raskað RARIK

Kort12	
RA-446 Flagbjarnarholt neðra	Athugasemdir
446002	Raskað RARIK
446004	Raskað RARIK
446022 túngarður	
446023 útihús	
Kort13	
RA-447 Heysholt	Athugasemdir
447003	Fjarri leið
447015	Komið í jörð RARIK
Kort14	
RA-449 Lækjarbotnar	Athugasemdir
449013	Komið í jörð RARIK
449022	Komið í jörð RARIK
Kort15	
RA-458 Bjalli	Athugasemdir
458018	Komið í jörð RARIK
Kort16	
RA460 Hrólfsstaðahellir	Athugasemdir
460022	Komið í jörð RARIK
460031	Komið í jörð RARIK
460032	Komið í jörð RARIK
460038	Komið í jörð RARIK
460039	Komið í jörð RARIK
460040	Komið í jörð RARIK
460045	Verður ekki lagt
Kort17	
RA-461 Húsagarður	Athugasemdir
461008	Komið í jörð, raskað
461017	Komið í jörð, raskað
461019	Komið í jörð, raskað
Kort18	
RA-450 Lunansholt	Athugasemdir
450029B	Komið í jörð RARIK
450012	Komið í jörð RARIK
450099	Komið í jörð RARIK
Kort19	
RA-456 Neðrasel	Athugasemdir
456008 traðir	

456013 kálgarður	
456032	Lína færð, í lagi
456006A	Lína færð, í lagi
456006C	Lína færð, í lagi
456018?	Lína færð, í lagi
Kort19	
RA-457 Efrasel	Athugasemdir
457016 túngarður	
Kort20-21 sjá líka kort19	
RA-453 Austvaðsholt	Athugasemdir
453001	Verður ekki lagt
453005	Í lagi
453007	Lína færð, í lagi
453008	Lína færð, í lagi
453009	Lína færð, í lagi
453012	Komið í jörð RARIK
453013	Komið í jörð RARIK
453014	Komið í jörð RARIK
453015	Komið í jörð RARIK
453021 kálgarður	
453023	Komið í jörð RARIK
453024	Komið í jörð RARIK
453025 stekkur	
453034	Komið í jörð RARIK
453035	Verður ekki lagt
Kort22	
RA-454 Snjallsteinshöfði	Athugasemdir
454004	Komið í jörð RARIK
454005	Komið í jörð RARIK
454017	Komið í jörð RARIK
454052	Komið í jörð RARIK
454013	Komið í jörð RARIK
Kort 23-24	
RA-455 Snjallsteinshöfðahjáleiga (Árbakki)	Athugasemdir
455017	Komið í jörð RARIK
455023	Komið í jörð RARIK
455031	Komið í jörð RARIK
455034	Komið í jörð RARIK
455037	Komið í jörð RARIK
455044	Komið í jörð RARIK
455033	Komið í jörð RARIK

Kort25	
RA-452 Holtsmúli	Athugasemdir
452015	
Kort26	
RA-451 Hjallanes	Athugasemdir
451001	
451004	
451010	
451014	
451030	

Rangárvallahreppur

Kort27	
RA-299 Kaldbakur	Athugasemdir
299010	Raskað RARIK
29901A	Raskað RARIK
RA-300 Þingskálar	Athugasemdir
300001	Raskað RARIK
300005	Raskað RARIK
300010D	Raskað RARIK
300010E	Raskað RARIK
300031B	Raskað RARIK
300032A	Raskað RARIK
300034	Raskað RARIK
Kort28	
RA-301 Heiði	Athugasemdir
301012	Raskað RARIK
301038	Raskað RARIK
Kort29	
RA-302 Geldingalækur	Athugasemdir
302017	Raskað RARIK
302020	Raskað RARIK
302025	Raskað RARIK
302026	Raskað RARIK
302032Aii	Raskað RARIK
Kort30	
RA-303 Gunnarsholt	Athugasemdir
303024 gerði	

303027 traðir	
303056 vað	í lagi
Kort30	
RA-304 Brekkur	Athugasemdir
304002	
Kort31	
RA-307 Helluvað	Athugasemdir
307001 bæjarhóll	
307022 kálgarður	
Kort32	
RA-309 Varmadalur	Athugasemdir
309001 bær	
309015 kálgarður	Raskað RARIK
309016 kálgarður	
Kort33	
RA-310 Selalækur	Athugasemdir
310004	í lagi
310030 túngarður	
Kort34	
RA-275 Lambhagi	Athugasemdir
275033 leið	í lagi
Kort35	
RA-311 Oddi	Athugasemdir
311001 bær	
311002	Ekki með
311004	utan svæðis
311005	utan svæðis
311012 fjós	
311015 túngarður	
311021 hrútakofi	
311035 þúst	
311037 kálgarður	
311045	í lagi
311052 þúst	
Kort35	
Athugasemdir	Athugasemdir
314001 bær	
Kort35	

RA-316 Langekra	Athugasemdir
316004 hellir	
Kort36	
RA-274 Oddahóll	Athugasemdir
27425B	í lagi
Kort37	
RA-269 Eystra Fróðholt	Athugasemdir
269002	í lagi
269003 bær	
Kort38	
RA-267 Fróðholtshjáleiga	Athugasemdir
267004 útihús	
Kort39	
RA-264 Bakkakot	Athugasemdir
264017 fjárhús	
264018 kálgarður	
264019	utan svæðis
264021 kálgarður	
Kort39	
RA-265 Bakkakotskot	Athugasemdir
265001 bær	
Kort40	
RA-262 Hátún (Ártún)	Athugasemdir
262001 bær	
262010	í lagi
Kort41	
RA-273 Uxahryggur	Athugasemdir
273003 kálgarður	
273013 býli	
Kort42	
RA-276 Strönd	Athugasemdir
276001 bæjarhóll	
Kort43	
RA-277 Vestari Kirkjubær	Athugasemdir
277034 kálgarður	
27735D garðlag	í lagi
27735E garðlag	í lagi

Kort43	
RA-278 Eystri Kirkjubær	Athugasemdir
27814A	í lagi
Kort44	
RA-279 Stóra Hof	Athugasemdir
279008 bæjarhóll	
279032 kálgarður	í lagi
Kort45	
Athugasemdir	Athugasemdir
280002 Útihús	Raskað RARIK
280003 útihús	í lagi
Kort46	
RA-281 Stokkalækur	Athugasemdir
281007	í lagi
28131C	í lagi
28137C túngarður	í lagi
Kort47	
RA-282 Keldur	Athugasemdir
282001 bær	innan svæðis
282002	utan svæðis
282007C	Sleppur
282007D	
282010	utan svæðis
282012	utan svæðis
282026N	fært í veghelgi
282116	Sleppur
282150	utan svæðis
282163A traðir	innan svæðis
282181 leið	innan svæðis
282185D	utan svæðis
282186	utan svæðis
282194	
Ekki til kort	
RA-296 Næfurholt	Athugasemdir
296003	Utan svæðis
296068	Utan svæðis
Ekki til kort	
RA-293 Selsund	Athugasemdir
293003	Utan svæðis

Djúpárhreppur

Kort48	
Sandhólaferja	
RA-357:001 bær	
RA-357:002 útihús	
RA-357:003 útihús	
Kort49	
Hali	
RA-355:005	í lagi
Kort49	
Háfshjáleiga	
RA-353:001 bær	
RA-353:002	í lagi
Kort50	
Borgartún	
RA-335:001 bær	
Kort51	
RA-318 Hábær	
RA-318:002	í lagi
RA-318:017 bær	
Kort51	
Oddspartur	
RA-336:001 bær	
Kort51	
Brekka	
RA-349:001 bær	
Kort51	
Hávarðarkot	
RA-350:001 bær	
Kort52	
RA-320 Unuhóll	
RA-320:001 bær	
RA-320:002	Raskað RARIK
Kort52	
Vatnskot	
RA-322:003	Raskað RARIK

Kort52	
Háfi Rimi	
RA-323:001 bær	
RA-323:003 fjárhús	
Kort52	
Rimakot	
RA-324:001 bær	
Kort53	
Rafntóptir	
RA-420:001 bær	
RA-420:015	í lagi
RA-420:016	í lagi
RA-420:017 fjós	
RA-420:018 kálgarður	
Kort53	
Bjóra	
RA-422:001 bær	
RA-422:005 útihús	
Kort54	
Ægisíða	
RA-419:001 bær	
RA-419:002 skáli	Líklega raskað af RARIK
RA-419:029 hellir	
RA-419:009 Rétt	
RA-419:017	í lagi
RA-419:022 leið	í lagi

Holtahreppur

Kort55	
RA-367 Arnkötlustaðir	Athugasemdir
367049 kvíar	
367056B rista	Raskað RARIK
367058 garðlög	Utan svæðis
Kort56 og 57	
RA-410 Meiritunga	Athugasemdir
410001A bæjarhóll	
410002 bænhús	Óviss staðsetning
410003 bæjarhóll	Ekki með
410011B kálgarður	Sleppur

410011C kálgarður	Sleppur
410021 traðir	undir vegi
410034A manngerður hellir	
410034B manngerður hellir	
410034C manngerður hellir	
410040A kálgarður	
410040D kálgarður	
410041 kálgarður	
410042	Sleppur
Kort58	
RA-409 Þjóðólfshagi	Athugasemdir
409002 útihús	Sleppur
409003 útihús	Sleppur
409017 garðlag	Sleppur
Kort59	
RA-407 Lýtingstaðir	Athugasemdir
407001 bæjarhóll	
407002 útihús	
407015A	Lína færð
407015B	Lína færð
Kort60	
RA-406 Hvammur	EKKI MEÐ?
406001 bæjarhóll	
406012 kálgarður	Sleppur
406017 kálgarður	
406019 kálgarður	Sleppur
Kort61	
RA-382 Raftholt	Athugasemdir
382005D garðlag	Lína færð
382014M garðlag	Lína færð
382014N garðlag	Lína færð
382021 Túngarður	Lína færð, einnig raskað af RARIK
Kort62	
RA-380 Gíslholt	Athugasemdir
380019 garðlag	Lína færð
380027B túngarður	Lína færð
Kort63	
RA-381 Kambur	Athugasemdir
381002 útihús	Sleppur
381003 útihús	

381009 býli	raskað RARIK
381022	raskað RARIK
Kort64	
RA-383 Kvíarholt	Athugasemdir
383009 Stekkur	Lína færð, sleppur líklega
Kort65	
RA-385 Guttormshagi	Athugasemdir
385006 býli	
385020 mógrafir	
Kort66	
RA-386 Saurbær	Athugasemdir
386003 brunnur	sleppur
386011 traðir	sleppur
386014 fjós	raskað RARIK
386025A tóft/garður	Ætti að sleppa
386027 túngarður	Ætti að sleppa
Kort67	
RA-387 Hagi	Athugasemdir
387002	Ekki með
387003 kálgarður	líklega utan svæðis
387016 þúst	Ætti að sleppa
Kort68	
RA-390 Kaldárholt	
390031A áveita	raskað RARIK
390031B áveita	raskað RARIK
390036 beitarhús	sleppa
390006 túngarður	Sleppur líklega
Kort69	
RA-393 Stúfholt	
393008 útihús	Líklega raskað af RARIK
393019 þjóðsaga	sleppur
393023 beitarhús	
393033 garðlag	sleppur, lína færð
Kort70	
RA-392 Lækur	
392001 bæjarhóll	
392016 kálgarður	
392017 kálgarður	sleppur

Kort71	
RA-394 Þverholt	
394007 stöðull	
394020A garðlag	Ætti að sleppa
Kort72	
RA395 Skammbeinstaðir	
395003 útihús	
395009 útihús	
395010 útihús	
395022 varða	raskað RARIK
Kort73	
RA-397 Pula	
397003 bæjarhóll	
397014 kálgarður	
397015	Færa vestan við veg, þá sleppur það
Kort74	
RA-401 Marteinstunga	
401001 bæjarhóll	
401002	Ekki með
401015	fyrir utan
401016 garðlag	sleppur
401019	utan svæðis
401021	utan svæðis
401022	utan svæðis
401025	fyrir utan
401026A	fyrir utan
401026B	utan svæðis
401032 rétt	
401033 traðir	
Kort74	
RA-404 Gata	
404007A bæjarhóll	raskað RARIK
Kort75	
RA-402 Bjálmholt	
402001 bæjarhóll	
402008 kálgarður	lína færð
402013 brunnur	raskað RARIK
Kort76	
RA-405 Nefsholt	
405023 kálgarður	sleppur

405024 kálgarður	sleppur
Kort77	
RA-411 Rauðalækur neðri (syðri)	
411043A áveita	Strengur færður, ætti að sleppa
411044 traðir	
411015 garðlag	Strengur færður, ætti að sleppa
411020	raskað RARIK
Kort78	
RA-413 Rauðalækur efri	
413005 brunnur	raskað RARIK
413009 beitarhús	
413011	sleppur
413021 traðir	raskað RARIK
Kort79	
RA-414 Litla Tunga	
414016 kálgarður	
Kort80	
RA-417 Árbæjarhjáleiga	
417001	raskað RARIK
417002	raskað RARIK
417003	raskað RARIK
417007	raskað RARIK
417012A	raskað RARIK
417014	raskað RARIK
417015	raskað RARIK
Kort81	
RA-415 Árbær	
415021	raskað RARIK
415022	raskað RARIK
415016	raskað RARIK
Kort82	
RA-416 Árbæjarhellir	
416009B	raskað RARIK
416017	raskað RARIK
416018A	raskað RARIK
416020A	raskað RARIK
416020D	raskað RARIK
416020F	raskað RARIK
416024A	raskað RARIK

416024B	raskað RARIK
416024D	raskað RARIK



Viðauki II

Hér eru birt öll minjakort af þeim jörðum sem koma við sögu í þessu verkefni. Kortin eru gerð áður en vinna og úttekt á helgunarsvæði ljósleiðarans fór fram og sýnir allar minjar sem þar eru.

